

SYLVÍA HLYNSDÓTTIR

Fornt og falskt horn hjartfólgnast eigna

• heimili
ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



VORVERKIN

Náttúrugrill, garðvinna og matjurtaræktun

Sérblað um vorverk
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG



KOSNINGAR 2009

8 síða Sérblað frá landskjörstjórn um framboð við alþingiskosningar 25. apríl 2009

FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

20. apríl 2009 — 93. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Miðlar af eigin reynslu



Rósa Guðbjartsdóttir er nýkjörin formaður Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

TÍMAMÓT 14

Íslandsvinur

Joseph Henry Ritter myndar Jóhönnu Guðrúnu, Umu Thurman og Isabellu Rossellini.

FÓLK 26

Skiptir um gír

Rapparin og listneminn Dóri DNA reynir fyrir sér sem uppistandari.

FÓLK 34



Everton sló United út

Það verða Chelsea og Everton sem mætast í úrslitum ensku bikarkeppinnar.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



HVASST SV-TIL Í dag verða sunnan eða suðaustan 8-13 m/s en 10-18 m/s suðvestan til. Þurr að mestu og bjart NA-lands en bætir í úrkomu sunnan og vestanlands eftir hádegi. Hiti víða 3-10 stig.

VEDUR 4

Tryggt húsnæði



FÆRÐIR FYRIR DÓMARA Þrjú menn voru handteknir vegna smygls á hundrað kílóum af fíkniefnum til landsins. Efnin voru flutt með skútu og mennirnir sóttu efnin á slöngubáti út í skútuna við Papey.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grunaðir um aðild að smygli: Úrskurðaðir í þriggja vikna gæsluvarðhald

LÖGREGLUMÁL Þrjú menn sem grunaðir eru um að hafa siglt til móts við skútu og flutt fíkniefni í land voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 11. maí í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Tveir menn voru handteknir á Djúpavogi og sá þriðji við Höfn í Hornafirði. Fíkniefnin fundust í bíl þess síðastnefnda samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Mennirnir eru 28 ára, 30 ára og 32 ára gamlir. Einn þeirra var ákærður fyrir aðild að innflutningi á 3,8 kílóum af kókaini árið 2006, en sýknaður af öllum ákærum í Hæstarétti árið 2007.

Talið er að mennirnir hafi sótt um 100 kíló af fíkniefnum í skútu sem vitorðsmenn þeirra sigldu við Papey út af Djúpavogi. Mennirnir notuðust við slöngubát sem þeir sjösettu á Djúpavogi. Þeir sögðu heimamönnum að þeir ætluðu að stunda köfun í nágrenninu.

- bj

Handteknir á flóttu út úr landhelginni

Lögreglan handtók í gær sex menn grunaða um að hafa reynt að smygla um 100 kílóum af fíkniefnum til landsins með skútu. Varðskip Landhelgisgæslunnar náði skútunni á flóttu úr landhelginni í gær og sérsveitarmenn tóku skútuna.

LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn úr sérsveit Ríkislögreglustjóra náðu í gærkvöldi á sitt vald skútu sem talið er að hafi komið með um 100 kíló af fíkniefnum til landsins um helgina. Þetta er stærsta tilraun til fíkniefnasmygls sem komist hefur upp um hér á landi.

Þrjú menn voru um borð í skútunni þegar sérsveitarmenn fóru um borð, og voru þeir allir handteknir. Varðskip Landhelgisgæslunnar sem var með sérsveitarmennina um borð veitti skútunni eftirför í gær og náði henni á milli Íslands og Hjaltlandseyja klukkan 22:35 í gærkvöldi.

Til stendur að draga skútuna, sem er 43 fet á lengd, til hafnar á Íslandi í dag.

Landhelgisgæslan og sérsveitin fylgdust með skútunni á flóttu út úr landhelginni í gær. Um tíma hvarf skútan úr sjónmáli en fannst svo aftur.

Alls voru sex menn handteknir vegna málsins í gær. Auk þeirra þriggja sem handteknir voru á skútunni voru þrjú menn handteknir á Djúpavogi og Höfn í

Hornafirði í gær. Talið er að þeir hafi siglt til móts við skútuna og flutt fíkniefni í land.

Vel yfir 100 manns tóku þátt í aðgerðunum gegn meintum fíkniefnasmygilurum í gær. Þeirra á meðal voru sérsveitarmenn Ríkislögreglustjóra, lögreglumenn af höfuðborgarsvæðinu og Eskifirði, þyriluhafnir og áhöfn flugvélar Landhelgisgæslunnar og áhöfn varðskipisins. Þá kom þota danska flughersins einnig að leit að skútunni í um tvær klukkustundir í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins komu mennirnir þrjú sem handteknir voru á Suð-Austurlandi í gær á tveimur jeppum með zodiac slöngubát til Djúpavogs á föstudag. Þeir óskuðu eftir leyfi til að láta bátinn liggja í höfninni yfir helgina og sögðust ætla að stunda köfun yfir helgina. Tveir þeirra voru handteknir á Djúpavogi en einn nálægt Höfn í Hornafirði.

Aðgerð lögreglu hófst um miðjan dag á laugardag en fór mjög leynt. Íbúar á Djúpavogi urðu lítið varir við aðgerðina en íbúar

VERÐMÆTI FÍKNIEFNANNA GRÍÐARLEGT

Ljóst er að götuverðmæti fíkniefnanna sem lögregla lagði hald á hleypur á hundruðum milljóna króna.

Erfitt er hins vegar að leggja mat á verðmætið þar sem ekki er búið að gefa upp um hvaða efni er að ræða, hversu hrein þau eru, eða hvað magnið er mikið.

Samkvæmt verðkönnun SÁÁ er meðaltalsverð á gramm af amfeta-míni 5.630 og 11.500 af kókaini. Gramm af hassi kostar 2.530 og e-pilla kostar 2.690 krónur.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að um 100 kíló af þessum fíkniefnum sé að ræða.

- kóp

á Hornafirði urðu mikið varir við þyrilflug og aukinn lögregluafli á Höfn. Engar upplýsingar fengust hins vegar um aðgerðirnar fyrr en um kvöldmatarleytið í gær.

- ghs, bj / sjá síðu 4

Varnarmálastofnun aðstoðaði: Kölluðu til danska herpotu

LÖGREGLUMÁL Þota danska flughersins aðstoðaði við aðgerðir Landhelgisgæslu og lögreglu vegna smyglskútunnar í gær. Hún hélt uppi eftirliti meðan Fokker-vél Landhelgisgæslunnar tók eldsneyti.

Landhelgisgæslan óskaði eftir því við Varnarmálastofnun um hádegi í gær að kannað yrði hvort herskip eða flugvélar frá nágrennaríkjum væru stödd nærri landinu og gætu aðstoðað við aðgerðina, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Dönsk herþota af gerðinni Challenger CL604 var stödd við Grænland, og hélt þegar til aðstoðar. Danski flugherinn notar slíkar vélar einkum til eftirlits yfir hafi.

- bj

ifö Mikið úrval af upphengdum salernum

TENGI

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

Kafbátur mánaðarins

6 tommu bátur **349 kr.**

Gildir í apríl 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

TÚNFISKBÁTUR

SUBWAY



Ragnar, sérðu bara rautt þessa dagana?

„Já, ég sé bara rautt af gleði en ekki reiði.“

Áheyrnarprufur vegna kvikmyndarinnar Bjarnfreðarson, sem mun fjalla um uppvaxtarár Georgs Bjarnfreðarsonar, fara fram á næstunni. Ragnar Bragason leikstjóri mun prófa fjölda rauðhæðra barna á aldrinum þriggja til tólf ára til að leika ungan Georg.

Seðlabankinn leitar leiða til að fá eigendur jöklabréfa til að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum til nokkurra ára:

Vilja fjármagna álver með jöklabréfum

EFNAHAGSMÁL Stjórnendur Norðuráls hafa undanfarnar vikur átt í viðræðum við Seðlabankann um að nota andvirði jöklabréfa og annarra eigna erlendra aðila hér á landi til að fjármagna álver Norðuráls í Helgúvík. Tilgangurinn er að losa eigendur krónubréfa úr klóm gjaldyrishafta án þess að það valdi gengishruni krónunnar.

Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta hjá Norðuráli, segir að fyrirtækið geti vel hugsað sér að fara þessa leið til að fjármagna álver í Helgúvík, en málið sé enn ekki langt komið.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fyrirkomulagið yrði þannig að Norðurál myndi taka við krónum frá eigendum jöklabréfanna, sem komast ekki úr landi með fé sitt vegna gjaldyrishafta, og gefa út skuldabréf í dollurum á

móti. Þegar álverið hefur framleiðslu og fær tekjur í dollurum yrði hluti teknanna notaður til að greiða niður skuldabréfin.

Seðlabankinn hefur einnig rætt við fleiri fyrirtæki, þar á meðal Landsvirkjun. Þetta staðfestir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafultrúi Landsvirkjunar.

Óljóst er nákvæmlega hversu háar upphæðir erlendir aðilar eiga hér á landi í jöklabréfum og öðrum eignum, en þegar gjaldyrishöft voru sett á hér á landi síðastliðið haust var talið að eignirnar næmu 400 til 500 milljörðum króna.

Heimildir Fréttablaðsins herma að til að byrja með standi til að reyna að losa um í kringum 100 milljarða króna. Eigendur jöklabréfanna myndu þá kaupa skuldabréf í erlendri mynt af íslenskum fyrirtækjum og fá þau greidd eftir nokkur ár.



HELGUVÍK Framkvæmdir við álver Norðuráls eru hafnar, en til greina kemur að þær verði að hluta til fjármagnaðar með jöklabréfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EKKI SÁTTUR Guðjón segir að allt of víða sé pottur brotinn þegar kemur að aðgengi fatlaðra inn á kosningaskrifstofur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kosningaskrifstofur kannaðar: Aðgengi slæmt fyrir hjólastóla

FÉLAGSMÁL Guðjón Sigurðsson, formaður MND-samtakanna, segir að víða sé pottur brotinn þegar kemur að aðgengi fyrir fatlaða á kosningaskrifstofur. Hann gerði óformlega könnun í gær og heimsótti skrifstofur í Reykjavík. Áður hafði aðgengi verið kannað í Hafnarfirði og í Reykjanesbæ.

„Það er allt of víða pottur brotinn og við komumst ekki inn í skrifstofurnar. En fólk lofaði bót og betrun hvar sem við komum,“ segir Guðjón. Niu skrifstofur voru þannig útbúnar að hjólastóll komst ekki inn. Guðjón segir að þetta sé málefni sem framboðin verði að passa betur upp á.

- kóp

LÖGREGLUMÁL

Barn á hjóli varð fyrir bíl

Ungur drengur varð fyrir bíl í Grafarvogi um kvöldmatarleyti í gær. Drengurinn var á hjóli og með hjálm, sem varð til þess að hann slasaðist ekki alvarlega. Hann var fluttur á slysadeild með mar á fæti og skráður á höfði.

Pólitískar auglýsingar óháðra hópa áberandi

Endurskoða gæti þurft lög um fjármál stjórnmalaflokka verði pólitískar auglýsingar kostaðar af óháðum hópum áberandi. Nafnlausar auglýsingar ósmekklegrar segir stjórnmalafraeðingur. Neikvæðar auglýsingar virka segir sérfræðingur.

STJÓRNMAL Mögulegt er að endurskoða þurfi lög um fjármál stjórnmalaflokka verði pólitískar auglýsingar sem kostaðar eru af hópum ótengdum stjórnmalaflokkunum áberandi segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmalafraeðingur hjá Félagsvísindastofnun HÍ.

Hópur sem kallar sig Áhugahóp um endurreisn Íslands birti heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu á sunnudag þar sem varað var við skattastefnu vinstri stjórnar. Ekki kemur fram hverjir standa að hópnum.



EINAR MAR ÞÓRÐARSON

Þá hefur hópur sem hver til aðilar að Evrópusambandinu auglýst í dagblöðum og á netinu. Jón Steindór Valdimarsson, einn stofnenda hópsins, segir hann grasrótarsamtök sem gangi þvert á stjórnmalaflokka og séu fjármögnuð af einstaklingum.

Talsvert var rætt um möguleikann á því að stofnaðir yrðu hópar til að komast í kringum lög um fjármál stjórnmalaflokka þegar þau voru sett. Einar Mar segir þetta vel þekkt erlendis, til dæmis sé sterk hefð fyrir því í Bandaríkjunum að slíkir hópar birti neikvæðar auglýsingar um pólitíska andstæðinga.

Pólitískar auglýsingar annarra en stjórnmalaflokka eru vel



AUGLÝSINGAR Óprúttir aðilar höfðu í gær sett svört strik yfir munn frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins á auglýsingum á strætisvagnaskýlum. Aðrir fara kostnaðarsamari leið við að koma skilaboðum sínum á framfæri og kaupa auglýsingar í fjölmiðlum eða setja upp vefsíður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þekktar hér á landi. Slíkum auglýsingum var til dæmis beint gegn Ólafi Ragnari Grímssyni í síðustu forsetakosningum, segir Einar Mar.

Hann segir ósmekklegt að birta pólitískar auglýsingar ekki undir nafni. Nafnleysi í þessum efnum sé ekki eðlilegt, enda hljóti þeir sem auglýsi að hafa trú á sínum málstað og vera tilbúnir að standa við orð sín.

Verði pólitískar auglýsingar hópa sem ekki tengjast stjórnmalaflokkunum, en auglýsa ýmist með þeim eða á móti, áberandi gæti þurft að breyta lögum um fjármál stjórnmalaflokka, segir Einar. Afar erfitt sé þó að

koma í veg fyrir slíkar auglýsingar, og í raun verði ábyrgðin að vera hjá kjósendum að leggja ekki trúnað á nafnlaus skilaboð, hvort sem er á netinu eða í auglýsingum.

„Auglýsingar virka, sama hvort þær eru jákvæðar eða neikvæðar,“ segir Þormóður Jónsson, stjórnarformaður Fíton.

Hann segir mjög kostnaðarsama leið að kaupa heilsíðuauglýsingar í dagblöðum. Hver birting geti kostað á þriðja hundrað þúsunda króna. Birting auglýsinga sé í sjálfu sér svipuð aðgerð og að fara í kröfugöngur, tilgangurinn sé að vekja athygli á ákveðnum sjónarmiðum. brjann@frettabladid.is



HVALVEIÐAR RANNSAKAÐAR Sjávarútvegsráðherra hefur samið við Hagfræðistofnun um að veða og meta þjóðhagsleg áhrif hvalveiða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samið við Hagfræðistofnun: Áhrif hvalveiða rannsökuð

SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegsráðherra hefur samið við Hagfræðistofnun HÍ um að rannsaka þjóðhagsleg áhrif hvalveiða við Ísland. Lítið verði á áhrif hvalveiða á atvinnustigi, fjárfestingar og útflutningstekjur, auk afleiddra áhrifa á ferðaþjónustu og önnur hugsanleg áhrif á aðrar atvinnugreinar.

Verkefnið er með vísan til þess sem Steingrímur J. Sigfússon kynnti í febrúar þegar tilkynnt var að úthlutun fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Einars K. Guðfínssonar, á hvalveiðikvóta yrði ekki afturkölluð.

- kóp

Breytingar undirritaðar:

Búvörusamningum breytt

LANDBÚNAÐUR Framlög til bænda í ár verða samkvæmt fjárlögum og framlög næsta árs verða 2 prósentum hærrí en í ár, óháð verðlagsbreytingum. Þetta kemur fram í breyttum búvörusamningi sem undirritaður var á laugardaginn.

Framlög munu síðan hækka aftur árið 2011 um 2 prósent, auk þess sem við bætist helmingur af því sem vantar til að uppfylla ákvæði núgildandi samnings. Bændur taka því á sig ákveðna skerðingu í tvö til þrjú ár.

- kóp

Skjólveggur utan um brunarústir á Lækjartorgi:

Fauk á fjóra bíla í hvassviðri

LÖGREGLUMÁL Stór skjólveggur, sem reistur var utan um brunarústirnar á Lækjartorgi, fauk á fjóra bíla í hvassviðri í gær. Bílunum hafði verið lagt í bílastæði í Austurstræti. Bílarnir rispuðust en skemmdust að öðru leyti lítið. Engan sakaði en veggurinn var fjarlægður til að koma í veg fyrir frekara tjón.

Mikið hvassviðri var á höfuðborgarsvæðinu í gær og fóru vindhviður mest í 28 metra á sekúnda. Björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu sinntu fjölmörgum útköllum vegna hvassviðrisins, en ekkert stórtjón varð.

- þeb

Í **AUSTURSTRÆTI** Veggurinn féll á fjóra bíla sem hafði verið lagt í Austurstræti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tryggt húsnæði
Hækkum vaxtabætur verulega, endurskoðum forsendur fyrir útreikningum vísitölugrunnsins og afnemunum verötryggingu í áföngum.

VINSTRI GRÆN
-vegur til framtíðar

Skiptu úr vetri í vor með Nova

3G símar á frábæru verði – 2.000 kr.
notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir
símatilboðum Nova í áskrift og frelsi.
Taktu númerið með þér og skiptu núna!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með
kreditkort + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Netið í símann
0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.



Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

0 kr. útborgun

Nokia 3120

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.

Litir: Fjólublár og grár



STÆRSTA FÍKNIEFNAMÁL ÍSLANDSSÖGUNNAR

Með 100 kíló af fíkniefnum

Þrír menn voru handteknir aðfaranótt sunnudags og hald lagt á 100 kíló af hvítum fíkniefnum, hassi og töflum í stærsta fíkniefnamáli sem upp hefur komið á Íslandi. Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gærkvöldi. 100 manns tóku þátt í umfangsmiklum aðgerðum lögreglunnar.

100 kíló af fíkniefnum voru gerð upptæk í stærsta fíkniefnamáli sem upp hefur komið á Íslandi. Þrír menn voru handteknir um miðnætti á laugardagskvöld, tveir á Djúpavogi og einn við Höfn á Hornafirði. Í jeppabifreið þess síðarnefnda fundust fíkniefnin, sem samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru hvít efni, það er kókaín eða amfetamín, hass og töflur.

Mennirnir sem komu á föstudag til Djúpavogs á tveimur jeppum með zodiac bát í eftirdragi óskuðu eftir leyfi til að láta bátinn liggja í höfninni yfir helgina og sögðust ætla að nota helgina til að kafa í nágrenni Djúpavogs. Þeir sigldu á bátum til Papeyjar á laugardagskvöldi þar sem skútan var og náðu í fíkniefnin. Þeir sigldu svo í land þar sem þeir voru handteknir. Skútan sigldi hins vegar frá landi. Henni var veitt eftirför í gær og fram á kvöld.

Í kjölfar handtöku manna voru gerðar húsleitir í tveimur til þremur húsum á höfuðborgarsvæðinu, lagt var hald á tölvur og önnur gögn sem lögreglan mun nota í rannsókninni. Eitthvað af fíkniefnum fannst við þessa húsleit.

Íbúar á Djúpavogi virtust lítið hafa orðið varir við lögregluna í fyrri nótt eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Margir sem rætt var við í gær fréttu fyrst af handtöku manna síðdegis í gærdeg þegar fyrstu fréttir af málinu birtist á vefmiðlum. Þórir Stefánsson hótelsstjóri sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt, hann sagði bátsumferð að kvöld og næturþeli líka litla athygli vekja á Djúpavogi, þar sé alvanalegt að menn fari út á sjó á öllum tímum sólarhringsins. Flugumferð og fjöldi lögreglumanna á ferð vöktu hins vegar athygli á Höfn í gærdeg enda óvenju mikil.

Um hundrað manns tóku þátt í aðgerðunum í gær, frá lögreglunni á Eskifirði, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sérsveit ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslunni auk þess sem þota frá danska hernum og Björgunarfélag Hornafjarðar aðstoðuðu við leit að skútunni.

Mennirnir sem handteknir voru eru allir um þrítugt. Allir hafa þeir komið við sögu lögreglu áður, þar af tveir í tengslum við fíkniefnamisferli. Einn var ákærður fyrir aðild að innflutningi á 3,8 kílóum af kókaíni árið 2007 en var sýknaður af ákærinni. Þremmingarnir voru fluttir suður strax eftir handtöku og voru yfirheyrslur í gær. Mennirnir voru úrskurðaðir í þriggja vikna gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærkvöldi.

ghs@frettabladid.is;
jss@frettabladid.is

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	128,24 128,86
Sterlingspund	189,68 190,6
Evra	167,38 168,32
Dönsk króna	22,467 22,599
Norsk króna	19,029 19,141
Sænsk króna	15,156 15,244
Japanskt jen	1,2897 1,2973
SDR 190,46 191,6	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,2212	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Veittu lögreglu liðsinni:

Björgunarsveit kölluð til hjálpar

„Við leituum á vissu svæði milli Hornafjarðar og Djúpavogs sem lögreglan bað okkur að kíkja á og héldum svo heim á leið,“ sagði Friðrik Jónas Friðriksson, formaður Björgunarfélags Hornafjarðar

Þrír menn frá Björgunarfélaginu tóku þátt í aðgerðum lögreglu og Landhelgisgæslu á Djúpavogi og Hornafirði í gær. Friðrik Jónas segir að aðgerðin hafi gengið mjög vel en björgunarsveitarmennirnir hafi siglt um 80-100 sjómilur út á haf.

- ghs

Pólstjórnumálið:

Lengsti dómur níu og hálf ár

Smyglmálið fyrir austan leiðir hugann að Pólstjórnumálinu svokallaða sem kom upp árið 2007. Sex sakborningar voru dæmdir hér á landi og einn í Færeyjum. Lengsta dómur hlaut Einar Jökull Einarsson, níu og hálf árs fangelsi fyrir að skipuleggja innflutninginn.

Fimmtudaginn 20. september gerði lögreglan áhlaup á skútuna Pólstjórnumálinu þar sem hún lá við bryggju á Fáskrúðsfirði. Menn í bíl í grenndinni voru einnig handteknir. Í ljós kom að í skútunni voru tæp 40 kíló af fíkniefnum.

Sex sakborningar hlutu samtals 32 ára fangelsi hér á landi. Guðbjarni Traustason hlaut sjö og hálf árs dóm, Alvar Óskarsson sjö ára, Marínó Einar Árnason fimm og hálf árs fangelsi og Bjarni Hrafnkelsson átján mánuði. Sjötti sakborningurinn var dæmdur í eins árs skilorðsbundni fangelsi.

Auk sexmenninganna var Birgir Páll Marteinsson dæmdur í sjö ára fangelsi í Færeyjum. Hann situr nú á Litla-Hrauni.

- kóp



BÁTUNN SEM SÓTTI EFNIN Þrír menn voru handteknir um miðnætti á laugardagskvöld eftir að hafa farið út á þessum Zodiac-slöngubáti að sækja fíkniefni um borð í skútu sem var á leið til landsins. Mennirnir höfðu dvalist á Djúpavogi og gefið þar þá ástæðu fyrir bátunum að þeir ætluðu að stunda köfun um helgina. Báturinn lá ennþá við bryggju á Djúpavogi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR BJÖRNSSON

GÆTI HÆGLEGA SIGLT TIL FÆREYJA

Fjöldmargir slöngubátar svipaðir bátum sem notaður var til að sækja fíkniefnin í smygskútuna eru til hér við land. Margir eru í eigu björgunarsveita, en einkaaðilar eiga einnig einhvern fjölda, segir Hallgrímur Axelsson, formaður Snarfara, félags sportbátæigenda í Reykjavík.

Bátar þessarar gerðar geta siglt á þrjátíu til fjöru tíu sjómílna hraða á klukkustund á sléttum sjó, en á rúmsjó eða í slæmu veðri minnkar hámarkshraðinn

verulega. Drægi báta þessarar gerðar fer aðallega eftir veðri og eldsneytisbirgðum, en í góðu veðri gæti slíkur bátur hæglega siglt til Færeyja.

Erfitt er að geta sér til um veðrið á bát af þeirri gerð sem notaður var við smygiltíraunina, en Hallgrímur segir mögulegt að kaupa slíkan bát á um tvær milljónir króna. Vélartærðin skipti miklu í því samhengi.

- bj

TÍMAÁS

■ **Föstudagur:** Mennirnir koma til Djúpavogs á tveimur jeppum með slöngubát í eftirdragi. Óska eftir leyfi til að láta bátinn liggja við bryggju því þeir ætli að kafa um helgina. Leyfi veitt.

■ **Laugardagur:** Mennirnir sigla út til Papeyjar um kvöldið þar sem skútan liggur og ná í 100 kíló af fíkniefnum.

Kl. 24:00 Þremmingarnir handteknir. Tveir á Djúpavogi og einn við Höfn, sá er með fíkniefnin í bílnum sínum.

■ **Aðfaranótt sunnudags:** Lögregla og Landhelgisgæsla fylgja skútunni eftir. Þeir missa sjónar af henni um stund en komast svo á sporið aftur.

■ **Sunnudagur:** Kl. 18.30 Fyrsti maðurinn úrskurðaður í gæsluvarðhald. Kvöld: Varðskip Landhelgisgæslunnar fylgir skútunni eftir en vonast var eftir að henni yrði náð í gærkvöldi.



VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

VINDUR OG VÆTA

Það mun bæta í úrkomu og vind eftir því sem liður á daginn, einkum suðvestanlands en það verður þurr að mestu og bjart með köflum norðaustan til. Á morgun verða víða skúrir, einkum sunnan og vestan til en yfirleitt úrkomulítið og bjartara fyrir norðan og austan.

Á MORGUN
5-10 m/s víða, 10-15 norðvestan til.

MÍÐVIKUDAGUR
Vaxandi vindur og úrkoma eftir hádegi.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	20°
Berlín	17°
Billund	14°
Eindhoven	17°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	20°
London	17°
Mallorca	15°
New York	9°
Orlando	28°
Ósló	12°
París	20°
San Francisco	26°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Bót í máli
Átt þú rétt á slysabótum?

Fyrsta flokks ráðgjöf um bótarétt vegna slysa
- þér að kostnaðarlausu

LANDSLÖG
S L Y S A B Æ T U R

Sími: 520 2900
landslog.is

Trúverðug leið að upptöku evru

Tökum upp evru í samstarfi við AGS

Sjálfstæðisflokkurinn telur að leita eigi eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að íslensk stjórnvöld og IMF (AGS) vinni að því í sameiningu að í lok efnahagsáætlunar Íslands og sjóðsins geti Íslendingar tekið upp evru sem gjaldmiðil í sátt og samvinnu við Evrópusambandið.

Bjarni Benediktsson,
formaður Sjálfstæðisflokksins





Ert þú sátt(ur) við að ekki verði gerðar breytingar á stjórnarskrá fyrir kosningar?

Já	36,5%
Nei	63,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú náð ólöglega í höfundaréttarvarið efni í gegnum netið?

Segðu þína skoðun á visir.is



Undirbúningi vatnsátöppunarverksmiðju í Hafnarfirði fram haldið eftir töf í vetur:

Tilraunavatn sent til Englands

IDNADUR Undirbúningur að vatnsátöppunarverksmiðju Glacier World ehf. hófst aftur í mars eftir um fimm mánaða töf.

„Þeir ætluðu að byrja framkvæmdir á næsta ári en það stoppaði allt í hrininu mikla í október,“ segir Már Sveinbjörns-son hafnarstjóri. „Sjálfsagt þurftu þeir að leita á fjármögnunarmarkað og hann fraus náttúrulega alls staðar um tíma. Þeir hafa viljað sjá hvernig það þróaðist en nú er allt komið á fullt aftur.“

Að sögn Márs var vatn sent í gámum til skoðunar í Englandi um miðjan mars en þá komu

fulltrúar Glacier World til viðræðna hingað. Í Englandi eigi meðal annars að athuga hvernig það komi út að blanda vatnið með litar- og bragðefnum. Ekki hafi enn frést af þeim rannsóknum en hann búist fastlega við að verkefnið haldi áfram. Glacier World hafi meðal annars keypt verkfræðiþjónustu hér til að skipuleggja byggingar.

„Næsta skrefið hjá þeim verður, í samvinnu við bæinn, að leggja vatnsleiðslu frá Kaldárbotnum og niður á höfn,“ segir Már. „Þetta er kannski minna mál en menn halda, því þótt magnið sé mikið er einingaverðið lágt. Starfsemin



KALDÁRBOTNAR Eftir töf vegna kreppunnar er nú aftur kominn skriður á áform um vatnsútlutning frá Kaldárbotnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skapar þó störf og tekjur og þeir bera alla áhættuna. Það er stóri plúsinn í þessu.“

-gar

Heritable Bank í Bretlandi: 70 prósent inni-stæða tryggðar

BRETLAND Breskir sparifjáreigendur geta átt von á því að fá sjöfju til áttatíu prósent fjárfestinga sinna í Heritable Bank, dótturbanka Landsbankans, borguð til baka. Þar á meðal eru tugir breskra sveitarfélaga. Samkvæmt frétt Sunday Times kemur þetta fram í skýrslu frá stjórnendum Heritable Bank.

Blaðið hefur eftir Paul Carter, formanni bæjarráðs í Kent, að fyrstu greiðslurnar eigi að berast sveitarfélaginu innan nokkurra mánaða. 123 sveitarfélög í Bretlandi áttu samtals 920 milljónir punda í íslensku bönkunum þremur.

-þeb

THULE SWEDEN **Hjólafestingar**

Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Þjóða upp á myndskreyttar líkkistur

Líkkistuverslunin Íslandskistur býður upp á myndskreyttar líkkistur. Eigandinn segir það verða að koma í ljós hvernig uppátækið leggst í landann. Forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur segir engin lög gilda um útlit líkkistna.

FÓLK „Við vitum að þetta tíðkast víða erlendis. Við sáum myndir af svona kistum á Netinu og ákváðum því að þjóða upp á þetta hér á landi líka. Svo verður bara að koma í ljós hvort þetta veur lukku,“ segir Stefán Matthíasson, sem ásamt Sveini Reynissyni á og rekur líkkistuverkstæðið og -verslunina Íslandskistur. Þeir félagar hafa ákveðið að þjóða til sölu myndskreyttar líkkistur.

Að sögn Stefáns fara fyrstu kisturnar í myndskreytingu á næstu dögum. „Við töluðum við Bryndísi í Tattoobike sem var reiðubúin að skreyta kisturnar með svokölluðum airbrush-græjum. Við ætlum að leyfa henni að ráða því hvernig fyrstu kisturnar eru myndskreyttar, en svo geta viðskiptavinir pantað sér myndir á kisturnar. Til dæmis kemur til greina að mála skjaldarmerki íspróttafélaga, landslagsmyndir, myndir úr veiðmennsku, engla, andlitsmyndir eða bara hvað sem er.“

Íslandskistur hafa lagt í vana sinn að gefa kistur fyrir börn undir fermingaráldri. Stefán segir að listamaðurinn sem sjái um skreytingarnar hafi einnig í hyggju að gefa vinnu sína ef viðskiptavinir óska eftir að myndskreyta slíkar kistur. „Það er hugsanlegt að fólk vilji setja einhvers konar barnamyndir, risaöldur eða eitthvað slíkt, á barnakisturnar,“ segir Stefán.

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur-



FRUMKVÖÐLAR Stefán og Sveinn eru eigendur Íslandskistna. Þeir fengu hugmyndina að myndskreyttu líkkistunum við að skoða erlendar vefsíður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ur, segir engin lög gilda um útlit líkkistna í útförum. „Svo fremi að skreytingarnar særi ekki blygðunarsæmi þeirra sem eru við útförina, þá eru engar reglur til um þetta. Auðvitað er eðlilegast að hinn látni skilji eftir sig sérstaka ósk um myndskreytingu, en það er ekki skylda.“

Þórsteinn man ekki til þess að hafa heyrt um mynd-

skreyttar líkkistur hér á landi fyrr. „En þetta breyttist eins og annað. Einu sinni voru allar líkkistur á Íslandi svartar. Svo fóru þær yfir í hvít, og ég hef séð þær í alls kyns litum, grænar og appelsínugar svo dæmi sé tekið. Í Frakklandi tíðkast það gjarnan að gestir í minningarathöfnum skrifi nafnið sitt á kisturnar. Það er ekkert við slíkt að athuga, en auðvitað er best að gæta hófs í öllu,“ segir Þórsteinn.

kjartan@frettabladid.is



LITAGLEÐI Myndskreyttar líkkistur eru seldar víða um heim. Þessar kistur eru hluti af miklu úrvali á vefsíðunni colourfulcoffins.com.

LAGERSALA Opíð 13-18

Eldhúsvaskar Frá kr. 3.900

Blöndunartæki Frá kr. 3.900

Baðspeglar Kr. 990

Mikið úrval af krókum handklæðaslám og fl.

Sími: 894 1411
Norðurhella 10 Hafnarfjörður

Auður Capital kynsir

FRAMTÍÐARAUÐUR SÉREIGN

Við hvetjum þig til að standa vörð um viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn.

Kynningarfundur mánudaginn 20. apríl kl 17:15 í fundarsal Maður lífandi, Borgartúni 24.

Allir velkomnir

585-6500 | audur.is

Neytendur: Fara gæði innfluttra ávaxta minnkandi?

Lifandi vara sem getur skemmst

Ávaxtaunnandi hafði samband og er uggandi yfir minnkandi gæðum. „Ég versla mikið í Hagkaupsbúðunum. Frá áramótum hafa gæði á ávöxtum og grænmeti snarminnkað og það er alveg ljóst að verið er að kaupa inn hálfskemmda ávexti til að halda verðinu niðri. Fyrir páska var til dæmis hægt að fá 4 tegundir af mismiklum eplum í Hagkaup. Ég sleppti þeim og keypti ananas og melónu til að eiga góða ávexti um páskana og plómur til að hafa með önd sem ég ætlaði að elda. Ávextirnir voru allir ónýtir, það merki-lega er að ekkert var hægt að sjá á þeim að utan. Ég skila stundum skemmdum vörum, sérstaklega þegar eitthvað hefur kostað mikið, en má oftast ekki vera að því að standa í slíku. Ég vil taka fram að mér sýnist ástandið vera svipað í öðrum búðum.“

Brynjar Helgi Ingólfsson, innkaupastjóri matvöru hjá Hagkaupum, segir fyrirtæk-

ið ekki hafa kvikað frá gæðakröfum á ávöxtum og grænmeti. „Ávextir og grænmeti eru lifandi vara og geta því miður auðveldlega skemmst, hvar sem er á líftíma-kúrvunni,“ segir hann og bætir við: „Undanfarið hefur verið töluverð úrkoma á Spáni og gæði jöklaalats, blómkaús og spergilkáls vegna þess verið mun minni en áður. Það sama á við um appelsínur, þær eru smáar vegna úrkomunnar. Í sambandi við eplin þá erum við með amerísk epli á tímabilinu október til apríl en þá er uppskera haustsins að klárast. Því miður getur það gerst í lokin að innanskemmdir geri vart við sig, sérstaklega í stærri eplum. Steinaldín, plómur og fleira, eru lakari á tímabilinu janúar til maí, því þá þarf að flytja þetta með skipi frá Chile til Hollands og síðan til Íslands. Ný uppskera á þessum vörum er áætluð í byrjun júní, þá koma þær vörur frá Evrópu, sem eðlilega stytta flutnings-tímamann og varan er betri.“

Við erum sammála

um að sækja eigi
um aðild að **ESB**

Við erum sammála um að hagsmunum íslensku þjóðarinnar verði best borgið innan ESB og með upptöku evru. Þess vegna viljum við að þegar verði sótt um aðild að ESB og gengið frá aðildarsamningi þar sem heildarhagsmunir þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.

Um þetta erum við sammála þrátt fyrir að vera hópur fólks með margar og ólíkar skoðanir um flest annað. Við erum sammála hvert á eigin forsendum og höfum fyrir því okkar eigin ástæður og rök.


Við erum sammála um að aðildarsamning á að bera undir þjóðina til samþykktar eða synjunar þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá munum við, eins og aðrir Íslendingar, gera endanlega upp hug okkar um hvort við erum enn sömu skoðunar og fyrr og greiða atkvæði í samræmi við það.

Við erum sammála um að ríkisstjórnin sem tekur við völdum að loknum kosningum 25. apríl eigi að hafa það eitt af sínum forgangsverkefnum að skilgreina samningsmarkmið og sækja um aðild að ESB.

Sýnum vilja í verki, skráum okkur á
www.sammala.is

Þú vilt persónulega þjónustu. Þess vegna er **Vöxtur** fyrir þig.

Vöxtur - Vildarþjónusta Kaupþings



Kynntu þér málið á www.kaupthing.is



5125050
Auglýsingasími

Rannsóknnum eftir klórslysið 2007 haldið áfram og búist við niðurstöðu í haust:

Fiskiteljari settur upp í Varmá

LÍFRÍKIÐ Fiskiteljari er nú kominn á sinn stað við Varmá og Þorleifslæk, að því er fram kemur á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Teljarinn er settur upp í kjölfar alvarlegs klórslyss í ánni haustið 2007.

Magnús Jóhannsson hjá Veidimálastofnun segir að eflaust hafi menn misst af nokkru af fiski sem þegar sé genginn til sjávar. „Við fáum skýrari mynd af ástandinu þegar fiskurinn skilar sér aftur upp í sumar og haust,“ segir Magnús, sem kveður seiddamælingar í fyrrihaust hafa vakið ágætari vonir um að afleiðingar klórslyssins væru ekki eins alvarlegar og

áður hafi verið talið. Útlit sé fyrir að hrygningin 2007 hafi ekki öll misfarist.

„Út frá sjónarmiði fiskifræðinga svo og stangaveiðimanna er þar með hafin gagnasöfnun sem er sérstaklega áhugaverð þar sem áin hefur ekki verið rannsökuð á jafn ítarlegan hátt fyrr. Varmá er einstök meðal hérlendra veiðiáa sökum sérstöðu í lífríki en hún geymir allar tegundir ferskvatnsfiska,“ segir á svfr.is.

Vegna aðstæðna er teljarinn, sem er frá Vaka, nokkuð ofarlega í vatnakerfinu, á milli Stíflu og vinsælustu veiðistaðanna við Stöðvarbreiðu.

-gar



UPPSETNING FISKITELJARA Ástand fiskistofna í Varmá og Þorleifslæk verður nú kannað með aðstoð teljarans sem hér sést settur upp. MYND/MAGNÚS JÓHANSSON

LÖGREGLUMÁL

Ekið á gangandi vegfaranda

Ekið var á gangandi vegfaranda á Eskifirði aðfaranótt sunnudags. Hann hafði gengið í veg fyrir bíl og var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað til aðhlyningar.

Ölvun á Akureyri

Talsverð ölvun var í miðbæ Akureyrar aðfaranótt sunnudags. Töluvert var um ölvuð ungmenni, en söngkeppni framhaldsskólanna fór fram í bænum um helgina. Dyraverðir voru slegnir á balli sem haldið var eftir keppnina, en að öðru leyti fór helgin vel fram.

Hávaði í bifhjólum

Lögreglan heimsótti bifhjólamenn sem safnast höfðu saman á Ingólfstorgi fyrir helgi. Margar kvartanir vegna hávaða hafa borist að undanförunu og það lögregla bifhjólafólkið um að taka meira tillit til þeirra sem búa og starfa við torgið.



SVARTSENGI Hlutur Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja er nú til sölu. Erlendir fjárfestar hafa sýnt hlutum áhuga. Aðalmeðferð í dómsmáli Orkuveitunnar og Hafnarfjarðarbæjar um hlut í Hitaveitunni fór fram á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erlendir fjárfestar skoða Hitaveituna

Bandarískir og evrópskir fjárfestar hafa sýnt hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja áhuga. Innlendir aðilar eru einnig áhugasamir. Dómi héraðsdóms í deilu Hafnarfjarðar og Orkuveitunnar verður líklega áfrýjað til Hæstaréttar.

VÍÐSKIPTI Erlendir fjárfestar hafa sýnt áhuga á að kaupa fimmtán prósentu hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja. Einnig er rætt um sölu á fimmtán prósentu eignarhlut sem OR og Hafnarfjarðarbær deila um eignarhald á. Héraðsdómur dæmdi Hafnarfirði í vil á dögunum.

Stjórn Orkuveitunnar hefur falið forstjóra að meta hvort áfrýjað verði til Hæstaréttar. Hjörleifur Kvaran forstjóri segist vera að fara yfir þau mál með lögmönnunum fyrirtækisins, en þriggja mánaða frestur er til áfrýjunar. Hann gerir frekar ráð fyrir að af áfrýjun verði.

Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir nokkra aðila hafa lýst yfir áhuga á hlutum. „Það eru nokkuð margir búnir að þefa af honum og spyrjast fyrir um hann.“ Bæði innlendir og erlendir aðilar hafa spurð fyrir um hlutinn.

Guðlaugur segir að menn hafi beðið eftir uppgjöri Hitaveitu Suðurnesja áður en alvara kæmist í viðræðurnar. Það kom fyrir nokkrum vikum og var útlitið nokkuð svart. Guðlaugur segir menn þó horfa fram hjá því uppgjöri, enda hafi sérstakar aðstæður ríkt hér á landi í fyrra.

Ekki fæst uppgjörið um hvaða erlendu aðila er að ræða, en Guðlaugur segir þá bæði vera frá Bandaríkjunum og Evrópu. Gjaldveyrishöftin setji strík í reikninginn



GUÐLAUGUR SVERRISSON



HJÖRLEIFUR KVARAN

og geri mönnum ekki auðveldara fyrir. Hvað innlendu aðilana varðar sé allt óljóst með fjárfögnun, sem sé mjög þung nú um mundir. Því sé alls ends óvíst hvernær semjast um sölu. „Ég mundi telja að einhverjir mánuðir væru þar til niðurstaða fæst. Ef menn sýna þessu áhuga getur það þó gengið hratt fyrir sig. En miðað við hvernig

ástandið er með lánsfjármögnun þá fögnum við ekki fyrr en við erum komnir með peninga í hendur, þrátt fyrir að samningur komist á.“

Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp samkvæmt lögum í HS Veitur og HS Orku. Aðrir stærstu eignendur fyrirtækisins eru Reykjanesbær og Geysir Green Energy. Óljóst er um hvaða verð er að ræða, en miðað er við að fyrirtækið fái svipað verð og greitt var fyrir hlutinn, sem hafi losað átta milljarða. Er þar átt við fimmtán prósentu hlut. kolbeinn@frettabladid.is

Til hamingju!

frumkvöðlar í heilbrigðistækni

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, í samstarfi við iðnaðarráðuneytið, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Summit ehf., hefur sett á laggirnar fullkominn Heilsutæknigarð í Vatnagördum 16.

Við færum frumkvöðlum á Heilsutæknigarði hamingjuóskir og bjóðum aðra velkomna!



Heilsutæknigarður er 1300 fermetrar að stærð með skrifstofuáðstöðu og fullbúnum rannsóknarstofum.



Á setrinu er aðstaða fyrir allt að 20 sprotafyrirtæki og 60 starfsmenn.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á www.nmi.is.



Nýsköpunarmiðstöð Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

MENNT ER MÁTTUR

VIÐ SEGJUM *FYRIR* KOSNINGAR HVAÐ VIÐ VILJUM GERA *EFTIR* KOSNINGAR

Menntun er undirstaða atvinnulífsins og forsenda endurreisnar íslensks efnahagslífs. Undir forystu **Katrínar Jakobsdóttur** menntamálaráðherra hafa Vinstri græn staðið vörð um menntun og menningu, m.a. með breytingum á stjórn LÍN, endurskoðun á úthlutunarreglum námslána og eflingu íslensks menningarlífs. Vinstri græn vilja forgangsraða í þágu menntunar og leggja grunn að norrænu velferðarsamfélagi með öflugu atvinnulífi. Við viljum:

- Verja skólana fyrir niðurskurði með áherslu á að viðhalda störfum.
- Taka upp gjaldfrjálsar og hollar **skólamáltíðir** í grunnskólum landsins.
- Gera háskólanemum kleift að stunda **lánshæft nám í sumar**.
- Efla **rannsóknir og nýsköpun** sem undirstöðu atvinnuuppbyggingar.
- Bjóða upp á fjölbreytt nám með áherslu á **starfsnám, iðnnám og listnám**.

Kynntu þér menntastefnu Vinstri grænna á vg.is/stefna/menningmenntun/



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is

Katrín Jakobsdóttir, 1. sæti Reykjavíkurrkjördæmi norður

ATVINNULÍFIÐ SKAPAR STÖRFIN



AÐALFUNDUR SA 2009

Á síðasta degi vetrar 22. apríl
– á Hilton Reykjavík Nordica

OPIN DAGSKRÁ

15:00 Ræða Þórs Sigfússonar,
formanns Samtaka atvinnulífsins

Ræða Jóhannu Sigurðardóttur,
forsætisráðherra

Tuttugu þúsund störf:

Andri Þór Guðmundsson,
forstjóri Ölgerðarinnar

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa

Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður

16:30 Vetur kvaddur – sumri fagnað

Fundarstjóri er Hrund Rudolfsdóttir,
framkvæmdastjóri hjá Marel Food Systems

SKRÁNING Á VEF SA – www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Viðskiptaráð Íslands vill umræðu um mikilvægustu málin fyrir kosningar:

Kalla á trúverðuga framtíðarsýn

EFNAHAGSMÁL Peningamál, utaríkismál, Evrópusambandið, fjármál hins opinbera og hlutverk þess í viðskiptalífnum eru þau mál sem mestu máli skipta fyrir efnahagslega velferð þjóðarinnar og hafa ekki hlotið viðunandi umfjöllun í aðdraganda komandi alþingiskosninga. Þetta kemur fram í nýju álitni Viðskiptaráðs Íslands.

„Trúverðug stefna í peningamálum ætti að vera forgangsmál stjórnvaldaflokkanna og vont að fara í kosningar án þess að stefna í því máli, sem og í öðrum grundvallarmálaflokkum, liggi fyrir,“ segir Finnur Oddsson, fram-



Á FUNDI Frá fundi Viðskiptaráðs Íslands um stöðu krónunnar undir lok síðasta mánaðar. Fremst situr Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kvæmdastjóri Viðskiptaráðs. „Nú er vika í kosningar og enn ráðrúm til upplýsandi umræðu.“

Bent er á í álitinu að á þeim tíu vikum frá því að ný ríkisstjórn tók við hafi lítið miðað í úrlausn erfiðra skammtímavandamála og viðhorf sem stjórnvaldamenn úr öllum flokkum virðist hafa gagnvart aðstoðjandi vankamálum sé áhyggjuefni. „Í stað þess að einbeita sér í sameiningu að brýnum málum er varða hagsmuni heimila og fyrirtækja hefur tími og orka Alþingis þess í stað farið í þref og deilur um pólitíska hugmyndafræði. Auk þess vantar mikið upp á að stjórnvaldamenn landsins hafi mótað skýra og trúverðuga framtíðarsýn í efnahagsmálum þjóðarinnar.“

- óká

Safnafólk gagnrýnir Akraneskaupstað

Byggðasafninu og Listasafninu á Akranesi verður útvistað til einkafyrirtækis. Safnamenn gagnrýna samninginn og óttast minni fagmennsku og setja spurningarkerki við að hægt sé að leigja söfn. Bæjarstjóri segir þetta til hagsbóta.

MENNING Rekstur byggðasafnsins að Görðum og listasafnsins í Kirkjuhvoli á Akranesi verður færður í hendur einkafyrirtækisins Vætta. Samningur liggur fyrir um málið og verður afstaða tekin til hans á bæjarstjórnarfundum í næstu viku. Safnamenn hafa gagnrýnt hugmyndirnar.

Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, segir að með þessu sé rekstur safnanna tryggður og fleiri störf skapist. Hann segir afar litlar breytingar hafa orðið á málefnum safnanna á Skaganum. Líkleg skýring á því sé að ekki hafi verið sett nægt fé í málaflokkinn. Með samningnum náist að hleypa lífi í söfnin á Akranesi.

Gísli segir samninginn vera til fimm ára og hann sé uppsegjanlegur með fjögurra mánaða fyrirvara. Framlag bæjarins til byggðasafnsins rennur samkvæmt honum til Vætta, en það hefur numið um 34 milljónum króna á ári. Samningurinn gildir í fimm ár og hljóðar því upp á um 170 milljónir. Gísli segir ekki hafa verið þörf á að bjóða samninginn út.

Félag íslenskra safna og safnamanna hefur sent bæjarfélaginu erindi. Ágústa Kristófersdóttir formaður segir félagið hafa áhyggjur af því að menningar-sögulegir gripir séu leigðir út til einkaaðila. Þeir séu eign samfélagsins og mikilvægt að vita hvað sé verið að gera þegar umsjón og ábyrgð menningarverðmæta er færð frá hinu opinbera til einkaaðila. Mjög mikilvægt sé að allt slíkt sé unnið fyrir opnum tjöldum og umræða fari fram um málið og umsagna leitað hjá fagöðlum.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir er formaður Íslandsdeildar ICOM – alþjóðaráðs safna, en það heyrir undir Menningarmálastofnun



SAFNASVÆÐIÐ Bæjarstjórn Akraness fyrirhugar að semja við einkafyrirtæki um rekstur Byggðasafnsins á Görðum og Listasafnsins að Kirkjuhvoli. Félag safnamanna hafa gagnrýnt áætlanirnar.



GÍSLI S. EINARSSON



ÁGÚSTA KRISTÓFERSDÓTTIR



ÓLÖF KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR

Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Ólöf segir menn óttast að einkavæðing opni gáttir fyrir minni fagmennsku, en unnið hafi verið að því undanfarin ár að auka hana. Safnaráð vinni eftir safnalögum, en söfn sem séu einkavædd falli hins vegar ekki undir þau lög.

Samkvæmt síðareglum ICOM

sé safn stofnun sem rekin er fyrir almenning og ekki í ágóðaskyni. Söfn megi skila ágóða, en hann sé þá færður inn í starf þeirra til uppbyggingar.

Gísli reiknar með að ákvörðun verði tekin um samninginn á fundi bæjarstjórnar á þriðjudaginn.

kolbeinn@frettabladid.is

LYFJA
– Lífið heil



15% afsláttur⁺

VOLTAREN 11,6 mg/g Gel, 100 g.



15% afsláttur⁺

NICOTINELL tyggjó, Classic og Fruit.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út apríl 2009



SÍÐUSTU NÁMSKEIÐ Á VORÖNN AÐ HEFJAST

Fyrir iðnaðarmenn

»Tölvunám fyrir iðnaðarmenn

Stutt og hagnýtt námskeið sérstaklega ætlað minni rekstraraðilum og einyrkjum í iðnaði. Ásamt yfirferð um almenna tölvunotkun er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi:

- Excel. Tilboðsgerð og einfaldar rekstraráætlanir
- Almennur frágangur og útprentun skjala í Word
- Outlook tölvupóstur, skipulag og hagnýting í rekstri og markaðssetningu.
- Inngangur að bókhaldi. VSK reglur og skil, reiknað endurgjald ofl.
- Einföld markaðssetning á Netinu (t.d. Facebook ofl.)

Hefst 7. maí og lýkur 2. júní.

Kennt er þri & fim kl. 8:30 – 12, (10 skipti)
Lengd 50 std. Verð kr. 49.000,-

Excel

»EXCEL I

Tekin eru fyrir helstu grundvallaratriði við notkun Excel í útreikningum og við úrvinnslu talna ásamt nokkrum reikniföllum. Unnið er í Excel 2007.

Kennt er 6. - 11. - 13. og 18. maí (morgun- og kvöldhópar) Verð kr. 24.000,-

»EXCEL II

Framhaldsnámskeið í Excel þar sem þátttakendur munu m.a. læra hvernig beita má Excel á stórar töflur og vinna úr gögnum á fjölbreyttan hátt ásamt notkun Excel við flóknari verkefni og til útreikninga og áætlanagerða. Unnið er í Excel 2007 - sjá námslýsingu á heimasíðu skólans.

Kennt er frá kl 9 – 12 dagana 30. apríl, 5. og 7. maí. Verð kr. 24.000,-

Almenn námskeið

»Almennt tölvunám.

Hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

- Windows - Word - Excel - Internet og Outlook

• **Hefst 22. apríl og lýkur 25. maí.**

Kennt er mán & mið. Morgun og kvöldhópar.
Lengd 53 std. Verð kr. 44.900,-




Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnumálastofnunar. Eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu að uppfyltum skilyrðum Vinnumálastofnunar, fer skráning fram hjá ráðgjöfum stofnunarinnar. Jafnframt niðurgreiðir Vinnumálastofnun námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkuppþæð getur þó ekki orðið hærra en 70 þús. Kynntu þér málið nánar hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar.

Flest stéttarfélag styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu stéttarfélagi.

Eldri borgarar 60+



»Grunnnámskeið

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.

Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.

• **Hefst 6. maí. og lýkur 27. maí.**

Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-

»Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

• **Hefst 7. maí. og lýkur 28. maí.**

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 20.500,-
(kennslubók innifalín)

»Stafrænar myndavélar 60+

Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafræna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.

• **Námskeið hefst 11. maí og lýkur 20. maí (mán & mið kl. 13-16)**

Lengd námskeiðs 18 kennslustd. Verð kr. 15.000,- (Kennsluhefti innifalið)



Stök forrit	St.fj	Hefst	Verð
Navision fjárhagsbókhald	42	22. apríl	49.000,-
Word 2007 ritvinnsla	21	22. apríl	24.000,-
Illustrator	37	23. apríl	44.000,-
Stafrænar myndavélar	14	28. apríl	15.000,-
Photoshop ljósmyndun	30	28. apríl	29.000,-
Photoshop grunnur	21	19. maí	24.000,-
Outlook 2007	10	20. maí	15.000,-



SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á **BETRA VERÐI** EN AÐRIR

Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur. **Þú mátt treysta því.**



Chevrolet Captiva
2000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.07 Ekinn: 24.000 km
Verð: 3.790.000 kr. Skr.nr. VO-297
Betra verð 3.290.000 kr.



Honda Jazz H/B
1400 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.850.000 kr. Skr.nr. ME-934



Toyota Land Cruiser VX
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 108.000 km
Verð: 5.630.000 kr. Skr.nr. NE-086
Betra verð 4.790.000 kr.



MMC Pajero DI-D
3200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 51.000 km
Verð: 4.290.000 kr. Skr.nr. OY-185
Betra verð 3.890.000 kr.



Toyota Avensis S/D sol
1800 Bensín 5 girá.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. LV-322
Betra verð 1.890.000 kr.



Skoda Octavia II S/D
1900 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 03.08 Ekinn: 12.000 km
Verð: 2.890.000 kr. Skr.nr. NG-B53



Toyota Corolla S/D Sol
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 61.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. LJ-395
Betra verð 1.690.000 kr.



Lexus IS250
2500 Bensín sjálfsk. – 17" felgur, leður og sóllúga
Á götuna: 03.08 Ekinn: 5.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. PA-X59



Lexus RX-300 EXE
3000 Bensín sjálfsk. – sóllúga
Á götuna: 04.05 Ekinn: 69.000 km
Verð: 5.090.000 kr. Skr.nr. SF-721
Betra verð 4.290.000 kr.



Toyota Corolla S/D Terra
1400 Bensín 5 girá.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 46.000 km
Verð: 2.030.000 kr. Skr.nr. UR-134



Toyota RAV4
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn: 64.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. ZP-138




Toyota Land Cruiser 100
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 151.000 km
Verð: 5.460.000 kr. Skr.nr. VU-317
Betra verð 4.890.000 kr.




Subaru Legacy W/g 4wd
2000 Bensín 5 girá.
Á götuna: 05.02 Ekinn: 114.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Skr.nr. SJ-071
Betra verð 990.000 kr.



Hyundai Terracan
2900 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 01.04 Ekinn: 75.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. BY-137
Betra verð 1.990.000 kr.



Toyota Auris Terra
1400 Dísel 5 girá.
Á götuna: 03.08 Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.420.000 kr. Skr.nr. KS-L45



Toyota Prius Hybrid
1500 Bensín/rafmagn sjálfsk.
Start Art er samstarfsverkefni sex starfandi listakvenna og mun Joe vinna með galleríinu áfram þar sem næst á dagskrá er verkefnið Lauga Vegur - fjölgjörningur á Listahátíð þar sem gamli tíminn verður tekinn fyrir þegar þvottalaugarnar voru og hétu þar sem Laugavegurinn er nú.

MÓTMÆLIN MEÐ AUGUM JOE Í Start Art gallerí má meðal annars sjá þessa mynd Josephs Ritter af lögregluþjóni sem gefur sér tíma til að mynda mótmælin á símann sinn. MYND/JOSEPH RITTER

„Ég hef svona komið mér í það sem mér hefur þótt spennandi og meðal annars myndað fyrir sýningu Verslunarskólans - Stardust.“ Joe hefur einnig myndað Jóhönnu Guðrúnu Eurovision-fara í kringum Madonnu-sýninguna sem og Eurovisionkeppnina sjálfa, en hann segir Jóhönnu hafa orðið eina af sínum nánustu vinum á Íslandi, þrátt fyrir að aldursmunurinn sé rúm 30 ár.

„Jóhanna er kannski 19 ára en hún er fertug í anda, hún er ótrúlega andlega þroskuð. Ég hef kynnst foreldrum hennar og kærasta og þetta er allt ótrúlega gott fólk. Ég var með henni í kringum Eurovision hér heima og myndaði hana þegar hún var að hafa sig til og undirbúa sig baksviðs. Ég hef fulla trú á að hún verði ofarlega úti í Moskvu.“ Jóhanna Guðrún er ekki eina

Túristabækur njóta vinsælda

„Norðurlöndin sýndu bókinni mikinn áhuga og ég seldi hugmyndina til erlends forlags sem er nú þegar að vinna að því að láta hana endurfæðast í tveimur löndum,“ segir Snæfríður Ingadóttur höfundur bókarinnar 50 crazy things to do in Iceland sem er nú verið að staðfæra í Noregi og í London. Í bókinni sem kom út hér á landi síðasta vor, er ferðamönnum bent á ýmsa óhefðbundna hluti sem hægt er að gera og er oft ekki talað um í hefðbundnum ferðamannabókum.



TVÆR BÆKUR VÆNTANLEGAR Í sumar koma út bækurnar 50 romantic things to do in Iceland og 50 things to taste in Iceland, eftir Snæfríði.

„Marte Östmoe, norskur blaðamaður skrifar bókina 50 crazy things to do in Norway sem kemur út í vor, en Ben Murray, breskur blaðamaður skrifar bókina 50 crazy things to do in London. Bækurnar líta eiginlega alveg eins út

sem fylgdist vel með framleiðsluferlinu, en sjálf bjó hún í Noregi um árabíl.

Tvær nýjar bækur eru einnig væntanlegar frá Snæfríði í sumar. Sú fyrri heitir 50 romantic things to do in Iceland og hefur að geyma hugmyndir á borð við að gista í torfbæ og gerast skálavörður á hálandinu, en sú seinni heitir 50 things to taste in Iceland og hefur að geyma ábendingar um mat svo sem svið, bjúgu og hákarl. „Bókunum seinkaði talsvert út af efnahagsástandinu, en koma út fljótlega. Auk þess sem nýtt upplag af 50 crazy things to do in Iceland er á leiðinni til landsins, svo túristarnir geta rifið þetta út í sumar,“ segir Snæfríður og breskir.

Tekur þitt framboð stöðu með heimilunum?

Forsendur gengis- og verðtryggðra lánasamninga eru brostnar

Ýmislegt bendir til þess að lánastofnanir hafi á undanförunum árum stuðlað með beinum hætti að óeðlilegum hækkunum á höfuðstóli gengis- og verðtryggðra lána. Slíkt hefur gerst í gegnum gengishrun krónunnar með tilheyrandi verðbólguþroti.

Stjórnvöldum ber að leiðrétta tafarlaust þá eignaupptöku sem þar á sér stað. Efnahagsvandi íslenskra heimila hlýtur að teljast alvarlegur, þegar **42% heimila eru með neikvæða eða afar takmarkaða eiginfjárstöðu** (tekið er mið af fasteignamatí um síðustu áramót).

Verði ekki gripið til fyrirbyggjandi aðgerða er líklegt að heimilum með neikvæða eiginfjárstöðu fjölgi verulega. Um **80% heimila eru með gengis- eða verðtryggð veðlán vegna fasteigna og eru því meirihluti kjósenda**. Heimilin eiga rétt á **skýrum** svörum og nú dæmir hver fyrir sig.

Hér að neðan eru samantekin svör framboðanna sem bárust Hagsmunasamtökum Heimilanna.

Svörin í fullri lengd má lesa á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is

FLOKKUR	Leiðréttu gengis- og verðtryggð veðlán heimilanna?	Leysa brýnan vanda vegna gengistryggðra veðlána?	Leysa ört vaxandi vanda vegna verðtryggðra veðlána?	Jafna stöðu og ábyrgð milli lántakenda og lánveitenda veðlána?	Tíma-setning
FRAMSÓKNAR-FLOKKURINN	20% afskrift af höfuðstóli bæði gengis- og verðtryggðra húsnæðislána.	20% afskrift af höfuðstóli bæði gengis- og verðtryggðra húsnæðislána.	20% afskrift af höfuðstóli bæði gengis- og verðtryggðra húsnæðislána.	Hugmynd um að bæði lánveitendur og lánþegar deili tímabundið kostnaði vegna verðtryggingar.	1. júní 2009.
SJÁLFSTÆÐIS-FLOKKURINN	Lækkun greiðslubyrði um 50% í þrjú ár sem borguð er til baka síðar. Aðlögun að upphaflegri greiðslubyrði á næstu þremur árum. Lenging láns um 6 ár	Þjóða að skipta gengistryggðum lánum í lán í íslenskum krónum. Greiðsluaðlögun.	Endurskoða kerfi verðtryggðra lána, auka vægi óverðtryggðra lána.	Hafa ekki útilokað höfuðstólslækkun ef annað dugar ekki.	Ekki tiltekið.
FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN	Leiðréttu verðtrygginguna aftur í tímann með því að taka þann hluta verðtryggingar húsnæðislána einstaklinga sem er umfram 5% og leggja inn á biðreikning.	Umbreyta myntkórfúlunum í íslensk lán. Höfuðstóll lækkaður og greiðslubyrðin aðlöguð að greiðslugetu fólks.	Afnema verðtrygginguna.	Vilja jafna ábyrgð, sbr. önnur svör.	Strax eftir kosningar.
BORGARA-HREYFINGIN	Færa vísitölu verðtryggingar til janúar 2008.	Breyta í ISK og síðan færa niður til samræmis við verðtryggð lán.	Raunvextir á verðtryggðum lánum verði að hámarki 2% - 3%. Verðtryggingarákvæði verði síðar afnumin.	Innifalið í öðrum aðgerðum.	Strax eftir kosningar.
LÝÐRÆÐIS-HREYFINGIN	Íbúðalánasjóður yfirtaki eignir þeirra sem vilja og geri kaupleigusamning við viðkomandi. Greiðsluþol metið.	Íbúðalánasjóður yfirtaki eignir þeirra sem vilja og geri kaupleigusamning við viðkomandi. Greiðsluþol metið.	Greiðsluþol metið og það notað til að ákvarða greiðslugetu lántakanda.	Greiðsluþol metið og það notað til að ákvarða greiðslugetu lántakanda.	Ekki tiltekið.
SAMFYLKINGIN	Með almennum aðferðum og sértækum í þágu hinna verst stöðdu.	Beita greiðsluþöfnun og greiðsluaðlögun fyrir þá verst settu.	Með greiðsluaðlögun.	Innifalið í öðrum aðgerðum.	Á allra næstu dögum.
VINSTRHREYFINGIN GRÆNT FRAMBOÐ.	Skapa aðstæður fyrir lántaka til að geta haldið áfram að greiða af skuldbindingum sínum.	Beita greiðsluþöfnun og greiðsluaðlögun fyrir þá verst settu.	Vilja skoða að frysta tímabundið hluta hækkunar höfuðstóls og geyma án verðbóta og vaxta. Afnám verðtryggingar í áföngum.	Innifalið í öðrum aðgerðum.	Ekki tiltekið.

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Vertu með og skráðu þig strax í Hagsmunasamtök Heimilanna á heimasíðunni www.heimilin.is

Framtíðargjaldmiðill Íslendinga

Fundaröð MBA námsins við Háskóla Íslands um framtíð íslensks atvinnulífs



Frumkvæði
Færni
Forysta

- > **Priðjudaginn 21. apríl kl. 20:00 til 22:00**
- > **Stofa 102 í Háskólatorgi, Háskóla Íslands**

Í MBA námi við Háskóla Íslands er lögð mikil áhersla á íslenskt atvinnulíf. Nemendur vinna að raunverkefnum í öllum námskeiðum auk þess að vera í virkum samskiptum við stjórnendur íslenskra fyrirtækja. Framtíð íslensks atvinnulífs hefur því mikla þýðingu fyrir MBA námið. Á fundinum í kvöld munu fulltrúar fjögurra stærstu flokkanna ræða um framtíðargjaldmiðil Íslendinga.

Fundarstjóri: **Ársæll Valfells**, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands



Fulltrúi Framsóknarflokksins:
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Fulltrúi Samfylkingarinnar:
Baldur Þórhallsson



Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins:
Illugi Gunnarsson



Fulltrúi Vinstri grænna:
Árni Þór Sigurðsson



Í kjölfar erinda frá fulltrúum flokkanna gefst góður tími fyrir fyrirspurnir úr sal

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.mba.is

United tekur ekki alla titlana

Það verða Everton og Chelsea sem mætast í úrslitum ensku bikarkeppninnar. Chelsea sló Arsenal úr leik á laugardaginn og í gær sá Everton til þess að Manchester United vinni ekki alla titlana sem í boði eru fyrir félagið í ár.

FÓTBOLTI Everton gerði sér lítið fyrir í gær og sló Manchester United úr leik í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar. Leikurinn var markalaus eftir venjulegan leiktíma og framlengingu en Everton hafði betur í framlengingu.

Á laugardaginn vann Chelsea 2-1 sigur á Arsenal í hinni undanúrslitaviðureigninni þar sem Didier Drogba skoraði sigurmark þeirra bláklæddu.

Þar með er ljóst að Manchester United vinnur ekki alla þá titla sem í boði voru fyrir félagið á leiktíðinu. United hafði þegar unnið deildarbikarkeppnina sem og heimsmeistarakeppni félagsliða. Liðið er á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og komið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu. Fjölmiljónum varð tíðrætt hvort að United tækist að vinna hina svokölluðu fimmu en svo verður ekki nú.

Tim Howard, fyrrum leikmaður United, varði frá þeim Dimitar Berbatov og Rio Ferdinand í vítaspurnukeppninni, sem gerði Phil Jagielka kleift að tryggja Everton farseðilinn í úrslitin með fjórðu vítaspurnu Everton.

Leikur liðanna var sem fyrr segir markalaus en þeir Alex Ferguson og David Moyes, stjórnar liðanna, voru sammála um að Mike Riley dómari hefði átt að dæma vítaspurnu þegar það virtist brotið á Danny Welbeck í



TVEIR Á TOPPNUM Frank Lampard lagði upp bæði mörk Chelsea gegn Arsenal um helgina og Didier Drogba skoraði sigurmarkið. NORDIC PHOTOS/AFP



HETJAN Phil Jagielka var ískaldur á vítapunkturinum og kom Everton í úrslit bikarsins eftir að Tim Howard hafði varið tvær vítaspurnur Manchester United. NORDIC PHOTOS/AFP

vítateig Everton.

„Ég hef séð þetta á myndbandi og mér finnst þetta vera hreint og klárt víti. En vegna mikilvægi leiksins varð dómariinn að vera viss í sinni sök. En af hverju hefði Welbeck átt að detta í teignum nema að brotið hefði verið á honum?“ sagði Ferguson.

„Mér fannst þetta líka vera víti,“ sagði Moyes. „Hefði ég verið í sporum Ferguson hefði ég líka óskrað á hliðarlínunni.“

Ferguson gerði átta breytingar á byrjunarliði United frá síðasta leik og lét marga óreynda leikmenn spreyta sig. Völlurinn á Wembley-leikvanginum leit ekki vel út og gagnrýndi Arsene Wenger það sérstaklega eftir tap sinna manna í Arsenal gegn Chelsea á laugardaginn.

„Þegar ég sá ástand vallarins ákvað ég að taka ekki þá áhættu að láta mitt sterkasta lið fara í

framlengingu. Ég varð því að taka þá erfiðu ákvörðun að leyfa ungu strákunum að spila,“ bætti Ferguson við. „Þetta félag er byggt á þeirri reglu að gefa ungum leikmönnum tækifæri og ég efast ekki um að það hafi verið rétt ákvörðun.“

Vikan sem er að líða hefur verið góð fyrir Guus Hiddink, stjóra Chelsea. Fyrr í vikunni kom hann liði sínu í undanúrslit Meistaradeildarinnar eftir 7-5 samantlagðan sigur á Liverpool og á laugardaginn lagði Chelsea Arsenal í undanúrslitum bikarsins.

„Þetta gæti orðið falletur bikarúrslitadagur í maí,“ sagði Hiddink. Sá leikur verður sá síðasti undir stjórn hans þar sem hann mun aðeins stýra liðinu til loka leiktímarinnar. „Það er fullkominn endir á tímabilinu að spila í úrslitum bikarsins í lok maí.“

Hiddink bar sérstakt lof á Drogba sem skoraði sem fyrr segir sigurmark Chelsea í leiknum. Theo Walcott hafði komið Arsenal yfir í leiknum og Florent Malouda jafnað fyrir Chelsea.

„Hann er ótrúlegur. Hann skilar gríðarlega miklu til liðsins á þriggja til fjögurra daga fresti. Maður kann alltaf að meta mörkin sem framherjarnir skora en hann er að vinna svo mikið fyrir liðið allt. Ég hef ekkert getað kvartað undan honum síðan ég kom til liðsins.“ eirikur@frettabladid.is

9. HVER VINNUR!

FRUMSÝND 22.4.2009

UNBORN

SENDU SMS ESL UBV Á NÚMERIÐ 1900 ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, GOS, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

ELKO 149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

Miele

vilborg@centrum.is

which BEST EUROPEAN APPLIANCE BRAND 2008

www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár. Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 154.995
Purrkarar - Verð frá kr. 129.995

EIRVÍK -háæðsheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Skíðamót Íslands fór fram á Akureyri:


Björgvin vann allt

SKÍÐI Björgvin Björgvinsson varð um helgina fjórfaldur Íslandsmeistari í alpagreinum á Skíðamóti Íslands sem fór fram á Akureyri. Hann fagnaði sigri í svigi, stórsvigi, alpatvíkeppni og samhliðasvigi.

Björgvin náði bestum tíma allra keppenda í sviginu en fjölmargir erlendir keppendur voru á móttinu. Í stórsviginu náði Fredrik Nordh frá Svíþjóð bestum tíma allra og Luka Zajc frá Slóveníu varð annar. Björgvin varð þriðji en náði bestum tíma Íslendinganna.

Iris Guðmundsdóttir varð tvöfaldur Íslandsmeistari en hún fagnaði sigri í stórsvigi og samhliðasvigi. Systir hennar, María, varð einnig tvöfaldur meistari en hún bar sigur úr þytum í svigi og alpatvíkeppninni.

Elsa Guðrún Jónsdóttir vann fjóra Íslandsmeistararitla í skíðagöngu - sprettgöngu, göngu með frjálsri aðferð, göngu með hefðbundinni aðferð og í tvíkeppni. Andri Steindórsson bar sigur



BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON Vann allt sem í boði var á Akureyri.

úr þytum í sprettgöngu karla og í tvíkeppninni. Sævar Birgisson varð hlutskarpastur í 10 km göngu með hefðbundinni aðferð og Brynjar Leó Kristinsson í 15 km göngu með frjálsri aðferð.

Sveit Ísafjarðar fagnaði sigri í boðgöngu kvenna en A-sveit Akureyrar í boðgöngu karla.

- esá

ÚRSLIT

Umspil í N1-deild karla

ÍR - Stjarnan	27-25
Eftir framlengingu. Staðan í einviginu er jöfn, 1-1.	
Afturelding - Selfoss	26-22
Afturelding vann einvigið, 2-0, og mætir annað hvort Stjörnunni eða ÍR í einvigi um eitt laust sæti í N1-deild karla.	

Norska úrvalsdeildin

Álasund - Start	1-1
Rosenborg - Odd Grenland	1-1
Árni Gautur Arason lék allan leikinn í liði Odd.	
Sandefjord - Bodø/Glimt	1-1
Kjartan Henry Finnbogason var á varamannabekk Sandefjord.	
Stabæk - Molde	2-3
Pálmi Rafn Pálmason lék í fremstu vöglinu Stabæk og lagði upp síðara mark liðsins.	
Strømsgodset - Lyn	1-1
Indriði Sigurðsson og Theodor Elmar Bjarnason léku báðir allan leikinn í liði Lyn.	
Vålerenga - Brann	1-1
Ólafur Örn Bjarnason, Kristján Örn Sigurðsson, Gylfi Einarsson og Birkir Már Sævarsson léku allir allan leikinn fyrir Brann. Ármann Smári Björnsson var á varamannabekk liðsins.	

Ítalska úrvalsdeildin

Atalanta - Reggina	0-1
Emil Hallfreðsson lék allan leikinn í liði Reggina sem vann sinn fyrsta sigur í deildinni síðan í nóvember. Liðið er þó enn á botni deildarinnar með 23 stig, fjórum stigum frá öruggu sæti.	



Fjórir mánuðir
á verði eins
aðeins í nokkra daga

SUMARKORT SPORTHÚSSINS

Verð 9.900 kr.

Kortið gildir til 20. ágúst '09

Sýndu þig í sumar

> Jorge Garcia

„Þó svo að fólk spyrji hvað eigi eftir að gerast í þáttum þá vill það í raun ekki vita það – enda dettur mér ekki í hug að kjafta frá.“ Garcia fer með hlutverk í þættinum Lífsháski (Lost) sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ HÁKON SVAVARSSON (13 ÁRA) DRÓ PABBA SINN AÐ LANDI

Auddi&Sveppi eru afburða sjónvarpsmenn

Pabbi bað mig um að skrifa fyrir sig fjölmiðlapistilinn sem hann skrifar alltaf annað slag. Ég held að það sé vegna þess að það var árshátíð hjá honum í gærkvöldi, þið skilið hvað ég meina?

Sjónvarpsþátturinn Auddi&Sveppi hóf göngu sína á Stöð 2 fyrir nokkrum vikum síðan. Best má lýsa þessum þætti sem fjörugum gamanfréttabætti þar sem þeir félagar kanna ýmis mál, eins og þegar Sveppi kyngdi smokki til þess að athuga hvernig hægt væri að smygla amfetamíni innvortis, en hann notaði hveiti í smokkinn.

Besti þátturinn sem ég hef séð hingað til er þegar þeir fóru á Litla-Hraun og skoðuðu fangelsi með einum af fangavörðum þess. Þau töluðu líka við einn fangann og fóru í fótbolta með þeim og fengu með sér fjölmiðlamenn eins og til dæmis Loga Bergmann og Þorstein J. En þeir kepptu við nokkra fanga sem kölluðu lið sitt



Hrottana. Hrottarnir unnu þá og þeir gáfu þeim spilið Bíóbrott, kannski vegna þess að þeir hafa ekkert að gera í fangelsi, eins og eðlilegt hlýtur að teljast. Þeir fá svo menn í viðtal inn í settið sitt og tala við þá um það sem gerist á milli himins og jarðar og fara með þeim stundum að gera eitthvað, eins og til dæmis þegar þeir fóru með Siv Friðleifsdóttur í sjósund. Hún er myndarlegur kvenmaður.

Svo eru þeir með myndir sem þeir sýna í byrjun þáttarins og ég dey gjörSAMLEGA úr hlátri yfir þeim, því þeir taka oft myndir frá vefsíðunni uglypeople.com. Svo var það einu sinni þegar þeir voru með Aron Pálma í heimsókn og fóru með honum í Sundhöll Reykjavíkur og létu hann stökva á stóra brettinu beint á magann, það var fyndið og gusan sem kom þegar hann smá á maganum var með hreinum ólíkindum.

MÁNUDAGUR



▶ 18.25 Fréttaukinn

SIJÓNVARPIÐ



▶ 20.00 Beerfest

STÖÐ 2 BIÓ



▶ 21.00 One Tree Hill

SKJÁREINN



▶ 21.10 Osbourne

STÖÐ 2 EXTRA



▶ 21.30 New Amsterdam

STÖÐ 2

SIJÓNVARPIÐ

16.35 Leiharjós

17.20 Táknáfréttir

17.30 Hanna Montana (30:56)

17.53 Sammi (21:52)

18.00 Millý og Mollý (7:26)

18.13 Herramenn (47:52)

▶ 18.25 Fréttaukinn Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elírar Hirst þar sem leitast er við að varpa ljósi á og skýra mál-efni liðandi stundar bæði innanlands og erlendis. (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Alþingiskosningar - Borgarafundur Bein útsending frá opnum borgarafundi á Selfossi.

21.15 Lífsháski (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularglærir atburðir gerast. Meðal leikenda eru Ken Leung, Henry Ian Cusick, Elizabeth Mitchell, Jeremy Davies Josh Holloway, Rebecca Mader og Jorge Garcia.

22.00 Túfréttir

22.20 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)

23.05 Bráðavaktin (ER) (15:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. (e)

23.50 Alþingiskosningar - Borgarafundur (e)

01.20 Dagskrárlok

BIÓ

06.20 Beerfest

08.10 My Super Ex-Girlfriends

10.00 Paris, Texas

12.20 Look Who's Talking

14.00 My Super Ex-Girlfriends

16.00 Paris, Texas

18.20 Look Who's Talking

▶ 20.00 Beerfest Gamanmynd um tvo bræður sem láta draum sinn rætast og fara til Þýskalands á Októberfest.

22.00 Mar adentro

00.05 Le petit lieutenant

02.00 The Badge

04.00 Mar adentro

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego Áfram!, Bratz, Íkornastrákurinn.

08.10 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.35 La Fea Más Bella (295:300)

10.20 Burn Notice (11:13)

11.05 The Amazing Race (2:13)

11.50 60 mínútur

12.35 Nágarnnar

13.00 Hollyoaks (171:260)

13.25 Bermuda Triangle: Startling New Secrets

14.55 ET Weekend

15.40 Galdrastelpurnar

16.00 A.T.O.M.

16.23 Íkornastrákurinn

16.43 Áfram Diego Áfram!

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágarnnar

17.58 Friends

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.35 The Simpsons (17:20)

20.00 American Idol (29:40) Úrslitagslagurinn heldur áfram og aðeins þeir bestu eftir.

20.45 American Idol (30:40)

▶ 21.30 New Amsterdam (3:8) John Amsterdam hefur lifað í hartnær 400 ár í líkama 35 ára gamals manns. Hann starfar nú sem lögfróðmaður í New York enda gjörþekkir hann orðið hugi glæpamanna.

22.15 Peep Show (7:12) Sprengghægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þritugsaltri sem deila íbúð en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

22.40 The Dive from Clausen's Pier Áhrifamikil mynd um Carrie og unnusta hennar eftir að hann lendir í slysi sem mun breyta lífi þeirra að eilífu.

00.10 Bones (6:26)

00.55 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (3:9)

01.40 MirrorMask

03.20 Bermuda Triangle: Startling New Secrets

04.50 The Simpsons (17:20)

05.15 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 Man. Utd - Everton Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

16.20 Verizon Heritage Útsending frá Verizon Heritage-mótinu í golfi.

19.20 F1: Við endamarkið Keppni helg-arinnar gerð upp. Gunnlaugur Rögnvaldsson kryfur keppnina til mergjar ásamt valinkunn-um sérfræðingum.

19.50 Man. Utd - Everton Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

21.30 Ensku bikarmörkin Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarunum og öll helstu tilþriffin skoðuð.

22.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.

22.30 Þýski handboltinn Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmáli-kvarða.

23.00 World Supercross GP Að þessu sinni fór mótið fram Jacksonville Municipal leikvanginum.

23.55 Ensku bikarmörkin Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarunum og öll helstu tilþriffin skoðuð.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Tottenham - Newcastle Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Man. City - WBA Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.45 Markapáttur Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

18.45 PL Classic Matches Man City - Man United, 2003.

19.15 Aston Villa - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 Markapáttur Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

22.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markapætti.

22.30 Stoke - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

07.00 Spjallið með Sólva (9:12)(e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Óstöðvandi tónlist

12.00 Spjallið með Sólva (9:12)(e)

13.00 Óstöðvandi tónlist

16.50 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

17.35 Game Tívi (11:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

18.15 The Game (16:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

18.40 Psych (8:16) Bandarísk gamanþáttaröð um þykkt vera skygg og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamáli. (e)

19.30 Málefnið (5:6) Umræðuþáttur í beinni útsendingu.

▶ 21.00 One Tree Hill (13:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súr og sætt. Payton fær óvæntar fréttir. Lucas er enn í Los Angeles og kemst að því að Julian býr yfir stóru leyndamáli.

21.50 CSI (14:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Langston ber vitni í réttarhaldi yfir virtum þingmanni þar sem ný sönnunargögn koma upp á yfirborðið og rannsóknar-deildin þarf að kanna málið að nýju.

22.40 Jay Leno

23.30 The Cleaner (6:13) (e)

00.20 Óstöðvandi tónlist

INN

20.00 Skýjum ofar Umsjón hafa Dagbjartur Einarsson og Snorri Jónsson.

20.30 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir ræðir um málefni Reykjavíkurborgar.

21.00 7 leiðir til léttara lífs Guðjón Sigmondsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Víðar Garðarsson stjórna þætti um heilsufar og mataræði.

21.30 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

„Þessa bók er ógerlegt að leggja frá sér.“

Expressen

„Besta glæpasagan um undirheima Stokkhólms.“

Kristianstadsbladet

„Mjög sannfærandi.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

„OFSALEGA FÍN GLÆPASAGA.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

KOMIN Í KILJU

Jens Lapidus

FUNDIÐ FÉ

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Í KVÖLD

▶ VIÐ MÆLUM MED

Málefnið

Skjáreið kl. 19.30

Umræðubáttur þar sem Sölvi Tryggvason og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fá til sín góða gesti til þess að ræða heitustu málin sem brenna á vörum þjóðarinnar. Í kvöld má búast við líflegum umræðum þegar væntanlegar alþingiskosningar verða ræddar.



STÖÐ 2 KL. 20.00

American Idol

Sjö keppendur eru eftir í leitinni að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna í vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi sitja í dómnefnd en það er bandaríska þjóðin sem ræður úrslitum í þjóðaratkvæðisgreiðslu. Hveir komast áfram og hver dettur út?

EXTRA

16.00 Hollyoaks (170:260)

16.30 Hollyoaks (171:260)

17.00 Seinfeld (16:22)

17.25 ER (8:22)

18.10 Osbournes (10:10)

18.30 Auddi og Sveppi

19.00 Hollyoaks (170:260)

19.30 Hollyoaks (171:260)

20.00 Seinfeld (16:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.

20.25 ER (8:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamír fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

▶ 21.10 The Osbournes (10:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikild gengið á í lífi Osbourne-fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar. Það er kominn tími til að rifja upp gamla og góða tíma þessara fráberu karaktera.

21.30 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyflegt.

22.00 Cold Case (14:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.45 Damages (7:13)

23.30 Fringe (13:21)

00.15 Sjáðu

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.10 The Inspector Lynley Mysteries 11.45 My Hero 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 The Black Adder 14.35 The Weakest Link 15.20 The Inspector Lynley Mysteries 16.10 The Inspector Lynley Mysteries 16.55 EastEnders 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 The Black Adder 19.15 The Inspector Lynley Mysteries 20.00 Holby Blue 20.50 My Hero 21.20 The Black Adder 21.55 Holby Blue 22.45 The Inspector Lynley Mysteries 23.35 The Inspector Lynley Mysteries

DR 1

10.10 21 Søndag 10.50 Aftenshowet 11.20 Reimers 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 13.15 Høvedingebold 14.00 Family Guy 14.30 Monster allergi 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Den travle by 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejr 17.00 Aftenshowet med Vejr 17.30 Gør det selv 18.00 Ekspedition Guyana 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommisær Foyle 21.35 OBS 21.40 Seinfeld 22.05 Boogie Mix

NRK1

10.10 Gros vold 11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Slipp naboene løs 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 I sørhellinga 13.00 NRK nyheter 13.05 Par i hjertet 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mikkes klubbhus 16.25 Vennene på Solflakken 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Flyttefeber - en ny start 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 En ripe i lakken 20.30 Husdrømmen 21.00 Kveldsnytt 21.15 Inspektør Lynley 22.45 Nytt på nytt 23.15 Kulturnytt

SVT 1

10.05 Sportspegeln 10.50 X-Games 12.20 På dessa skuldror 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 På liv och död 15.25 Var fan är min revy! 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturnyheter 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Inför Eurovision Song Contest 2009 19.00 Packat & klart 19.30 Tónársliv 20.00 Bronx Princess 20.40 Bye Bye Cest Fini 20.55 Kulturnyheter 21.10 Grillad 21.55 Nip/Tuck 22.40 Babben & co 23.40 Sändningar från SVT24

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin

06.40 Veðurfregnrir

06.50 Bæn

07.03 Auðlindin

07.10 Morgunvaktin heldur áfram

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnrir

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.02 Hádegisútlarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnrir

13.00 Vítt og breitt

14.03 Bak við stjórnunar

15.03 Útlarpssagan: Blátt og rautt

15.30 Lostafulli lístræninginn

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnrir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Lárétt eða lóðrétt

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Hringisól

23.05 Á tónsviðinu

00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

NÚ OPNUM VIÐ NETBANKA MP

www.mp.is

MP Banki var stofnaður árið 1999 og fagnar 10 ára afmæli sínu um þessar mundir. Viðskiptavinir eru einkum fagfjárfestar og sparifjáraeigendur.

Þrátt fyrir bankahrún og alþjóðlega fjármálakreppu voru allir viðskiptavinir MP Banka í eignastýringu með jákvæða ávöxtun á árinu 2008.

Sjóðir MP Banka urðu fyrir minnstum áföllum allra sambærilegra sjóða eftir bankahrúnið.

Við hjá MP Banka erum stolt af þessum árangri. Við erum nú tilbúin til að veita trausta og örugga viðskiptabankajónustu. Við höfum sýnt að við erum traustsins verð.

Nú bjóðum við meðal annars:

- Innlán
- Sérignarsparnað
- Eignastýringu
- Ríkistryggða sjóði
- Verðbréfamiðlun og fjárfestingaráðgjöf
- Einkabankajónustu

Með opnum Netbanka MP getum við nú boðið alla sparifjáraeigendur velkomna óháð fjárhæð.

Eftir opnun þjónustumiðstöðvar eftir 4-6 vikur munum við bjóða alla almenna bankajónustu m. a. greiðslukort og veltureikninga.

Við þökkum kærlega fyrir traust fyrrum viðskiptavina SPRON og fjölda annarra sem hafa leitað til okkar að undanförmu eftir fall SPRON. Við bjóðum ykkur að sýna biðlund þar til við getum opnað okkar eigin þjónustumiðstöð. Nokkrir af reyndustu starfsmönnum SPRON hafa þegar gengið til liðs við okkur og við vonum til að ráða enn fleiri.

Kær kveðja,
starfsfólk MP Banka

MP
BANKI



HVA markaðsmeistari / SIA

Skipholt 50d 105 Reykjavík sími 540 3200 info@mp.is www.mp.is

MP Banki var stofnaður árið 1999 af Margeiri Péturssyni og verður 10 ára á árinu. Bankinn fékk fjárfestingarbanksleyfi árið 2003, viðskiptabanksleyfi í október 2008 og hóf rekstur sérignarsparnaðar í byrjun árs 2009. Eignastýring MP Banka er traust og óháð.

10
1999
2009
ÁRA

HVAD SEGIR MAMMA?

„María Sigrún var forvitin og síspyrjandi sem barn, mjög næm og áhugasöm um alla hluti. Það kom mér því ekki á óvart að hún valdi fréttamenskuna sem sitt starf. Hún hefur sjálf líkt ferlinu við gerð myndarinnar við meðgöngu. Það er alltaf tilhlökkun þegar meðgöngu lýkur. Ég hlakka til að sjá árangurinn.“



Svanhildur Sigurðardóttir, deildarstjóri hjá Icelandair, er móðir Maríu Sigrúnar Hilmarsdóttur, fréttakonun sem gerir heimildarmynd um mansal í Kambódíu.

Minni netverslun með aukinni áherslu á bækur

„Netverslun hrundi í nóvember en síðustu mánuði hefur hún farið upp á við. Þó eru sendingar í gegnum netverslun erlendis um 1.000-1.500 færri nú í mars en á sama tíma í fyrra,“ segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðu- maður markaðsdeildar Póstsins. Vefir svo sem Amazon.com, eBay.com og fleiri pöntunarvefir hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár og Íslendingar mikið pantað af tónlist, DVD-myndum, fatnaði og bókum að utan í gegnum slíka vefi. Eftir að krónan féll hafa Íslendingar dregið saman seglin og Ágústa Hrund segir að mun færri sendingar fari í gegnum tollinn.

„Annað er þó athyglisvert, en það virðist sem það sem áður var vinsælasti pöntunarvarningur-

inn, tónlist og DVD-diskar, hafi nú vikið fyrir bókum,“ segir Ágústa en DVD-diskar hafa lengi haft yfirhöndina yfir bókapantanir. Ef til vill hefur aukinn fjöldi nemenda í skólum og á námskeiðum síðustu mánuði eitthvað með það að gera en Ágústa segist ekki hafa upplýsingar um það hvers konar bækur eru mest pantaðar. Þessi auknu bóka- kaup að utan koma ekki niður á bóka- verslun hérlendis að sögn Bryndísar Loftsdóttur, vör- stjóra hjá Pennan- um, sem segir sölu- tölur svipaðar og í fyrra.



BÆKUR OFTAR Í PAKKANUM Samkvæmt Ágústu Hrund Steinarsdóttur hjá markaðsdeild Póstsins eru bækur nú vinsælli í pöntunum að utan en var fyrir um ári.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. dyggur, 6. hljóm, 8. erlendis, 9. hluti kynfæra, 11. tveir eins, 12. óslitinn, 14. iðja, 16. drykkur, 17. mál, 18. arða, 20. kyrrð, 21. skraut.

LÓÐRÉTT

1. einleikur, 3. ullarfloki, 4. greftrunar, 5. bein, 7. aftursegl, 10. hrygning, 13. ílát, 15. kjáni, 16. frestur, 19. nudd.

LAUSN

LÖBRET: 1. sól, 3. rú, 4. úttarar, 5. ríf, 7. meirsegl, 10. got, 13. fat, 15. flón, 16. tóf, 19. nú. LÁRÉTT: 2. túr, 6. óm, 8. úti, 9. leg, 11. ff, 12. órótta, 14. starf, 16. te, 17. tal, 18. ögn, 20. ró, 21. flur.

www.this.is/krossgatur

250
ÓKEYPIS
KROSSGÁTUR
NÝ GÁTA
Í HVERRI VIKU

NÝSTEIKTAR
FISKIBOLLUR

STÓR LÚÐA
ÞORSKHNAKKAR

ATH ERUM ALDREI FISKLAUSIR

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



FYNDNASTI MAÐUR SEM MOSFELLSBÆR HEFUR ALIÐ AF SÉR Dóri DNA hefur smalað saman nokkrum vinum sínum til að halda uppstandskvöld á Prikínu á fimmtudagskvöld. Hugmyndin er að halda slík kvöld mánaðarlega og hefja uppstandið til fyrri vegg og virðingar.

DÓRI DNA: GERIR GRÍN AÐ PÓLVERJUM OG BUBBA MORTHEMS

Barnabarn nóbelskáldsins reynir fyrir sér í uppistandi

„Ég er náttúrliga myndnasti maður sem Mosfellsbær hefur alið af sér, það er alveg potþétt. Það er hins vegar alveg ástæðulaust að hafa nokkrar áhyggjur af þessu því ég má alveg vera lélegur. Pressan er engin,“ segir rapparinn og listneminn Halldór Halldórsson. Dóri DNA, eins og hann er jafnan kallaður, hefur ákveðið að reyna fyrir sér sem uppstandari. Frumraun sína þreytir hann á Prikínu á fimmtudagskvöld, sumardaginn fyrsta.

„Mig hefur alltaf langað til að gera þetta og þetta leikhúsnám mitt hefur hjálpað talsvert. Þetta er klárlega rétti tíminn nú þegar allir eru í vondu skapi og enginn veit í hverju hann er eiginlega lent-

ur. Svo er Ástþór kominn í blöðin,“ segir Dóri.

Dóri verður ekki sá eini sem kemur fram á Prikínu á fimmtudagskvöld. Með honum verða til dæmis þeir Steindi Jr., sem hefur verið með sketsa á Mónitor.is, og Bergur Ebbs úr Sprengjuhöllinni. Planið er að standa fyrir mánaðarlegum kvöldum í sumar og hefja uppstandið upp að nýju.

En hvert verður umfjöllunarefnið? Hverju á að gera grín að? „Bara dvergum og lituðu fólki. Og Pólverjum auðvitað. Nei, ætli við reynum ekki að vera svolítið menningarlegir og gáfumanslegir. Fyrsta kvöldið ber nú einmitt upp á afmælisdag afa mins,“ segir Dóri og vísar þar til nóbelskáldsins Halldórs Laxness.


Fyrst Dóri minnst á ætterni sitt er rétt að spyrja hann hvort honum finnst hann vera á réttri hillu í lífinu. Hann hefur hingað til verið þekktastur fyrir rapptónlist og ætlar nú að snúa sér að uppistandi. Hvert tveggja gætu þröngsýnir menn flokkað undir lægmenningu. Ekki alls fyrir löngu lýsti Bubbi Morthens Dóra sem útvögnuðeni nóbelskáldsins.

„Bubbi, já. Það verður líka gert grín að honum. Nei, ég veit ekki betur en ég sé að nema leikhústræði, sem er eitt dýrasta nám á Íslandi. Við skulum líka ekki gleyma því hvað Þórbergur Þórðarson sagði um menn sem færa heiminum gleði og hlátur – þeir eru númeró únó.“

hdm@frettabladid.is


FRÉTTIR AF FÓLKI

Tveir góðir og gegnir sjálfstæðismenn virðast eiga í smá tilvistarkreppu með X-ið sitt. **Ágúst Borgþór Sverrisson** er annar þeirra en hann greinir frá því á bloggi sínu að hann hafi kosið Sjálfstæðisflokkinn til góðra verka undanfarna áratugi. Nú hafi hins vegar runnið á hann tvær grímur og hann sé í hinum mestu vandræð-



um. Í athugasemdafærslu hans birtist síðan annar þjóðþekktur bloggari, Ómar R. Valdimarsson, og viðurkennir að hann sé í sömu tilvistarkreppunni; hann viti ekki hvar X-ið lendi þann 25. apríl eftir að hafa kosið Sjálfstæðisflokkinn.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er **Stefán Karl Stefánsson** nú í óða önn að undirbúa nýjan geisladisk sem ráðgert er að Sena gefi út. Stefán hefur fengið til liðs við sig upptökustjóran Veigar Mar-geirsson til að stjórna upptökunum og aðdáendur hins fjölhæfa leikara bíða spenntir eftir útkomunni. Félagarnir hafa komið sér fyrir í upptökuveri að nafni Presto Music Studio sem er vinalegt hljóðver í Kaliforníu.



Ög vafalítið vildu margir vera fluga á vegg í herberginu sem birtist ljósflandi á forsiðu Fréttablaðsins á föstudaginn. En það var búningsherbergi Gunnars Eyjólfssonar, stórleikara í Þjóðleikhúsinu.

Gunnar deildi áður herbergi með Baldvini Halldórssyni en herbergisfélagi hans nú er enginn annar en **Hilmir Snær Guðnason**, annar stórleikari. Efflaust ekki leiðinlegt að hlusta á þá féлага ræða landsins gagn og nauðsynjar.



Hart í bak tekið upp fyrir sjónvarp

„Þetta er rétt, við ætlum að taka verkið upp enda hefur það menningarsögulegt verðmæti að svo mörgu leyti,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins. Sjónvarpið hyggst taka upp sýningu Þjóðleikhússins, Hart í bak, og sýna um jólin. Um er að ræða töluvert flókna upptöku til að gæði leikritsins skili sér til áhorfenda heima í stofu en það er hinn þrautreyndi Egill Eðvarðsson sem stjórnar upptökunni. „Sum atriði þarf að taka upp fyrir fram þannig að þetta verði ekki eitt flatt sjónarhorn,“ útskýrir Þórhallur.

Hart í bak eftir Jökul Jakobsson er eitt ástsælasta leikverk íslensku þjóðarinnar og Þórhallur telur það nánast skyldu Sjónvarpsins að eiga slíkt verk á spólu. Og það býr meira að baki. Verkið hafi skírskotanir til nútímans og svo megi ekki gleyma þætti aðalleikarans. „Gunnar Eyjólfsson er kominn af sínu léttasta skeiði og það að hann skuli takast á við jafn krefjandi verkefni og hlutverk skipstjórans er náttúrliga alveg ein-



LEIKRIT Í BEINNI Þórhallur Gunnarsson viðurkennir að hann sé opin fyrir því að senda leikrit út í beinni útsendingu.



FER Á KOSTUM Gunnar Eyjólfsson fer á kostum í hlutverki skipstjórans Jónatans sem siglir óskafleyi þjóðarinnar í strand.


stakt,“ bætir Þórhallur við og upplýsir jafnframt að Sjónvarpið vinni nú að þáttaröð um elstu og virtustu leikara landsins.

Þórhallur segir jafnframt að hann langi til að gera meira af því að taka upp leikrit í íslenskum leikhúsum. Hann sé jafnvel opinn fyrir því að senda leikrit út beint. „Það var gert fyrir tíu árum og hlaut mikla athygli þannig að það er eitt af því sem við erum að skoða.“

- fgg

IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR



iq-care.com

Ein besta heilsudýna í heimi

6 mán. vaxtalausar greiðslur

ATH.
Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

FERMINGARTILBOÐ

Beauty Sleep

97x203 cm kr. 59.900
135x200 cm frá kr. 79.900

IQ-CARE

100X200 cm kr. 99.900
120X200 cm kr. 139.900



Nýir svefnsófar
með heilsudýnu

Íslensk framleiðsla



30% afsláttur
af fylgihlutum við dýnukaup



S-CAPE

WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett

Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000



Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði

IQ-CARE

King

Áður 269.900
Nú 199.900

Cal. King

Áður 269.900
Nú 189.900

Queen

Áður 189.900
Nú 149.900



20-50% afsláttur
af völdum vörum



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x80x200 cm. Áður 384.900

Nú 279.900



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Auður skili sæti

Eftir sögulegasta vetur frá því í seinna stríði mun Sjálfstæðisflokkurinn að líkindum gjalda afhroð í kosningum í fyrsta sinn í átján ár. Framlag flokksins til þjóðfélagsins frá hruni einskorðast enda við það sem loksins kom blóði þingmanna hans á hreyfingu: Að koma með málþófi í veg fyrir að bundið yrði í stjórnarskrá að þjóðareign yrði í eigu þjóðarinnar. Þessi flokkur skilur orðið einkaeign svo dæmalaust vel, en telur að þjóðareign geti valdið túlkunarbrotum.

„VIÐ Sjálfstæðisflokkurinn halda yfirráðum yfir sjávarútvegsauðlindinni þá felur það í sér að Sjálfstæðisflokkurinn vill standa utan Evrópusambandsins,“ sagði þingmaður flokksins á landsfundi um daginn og negldi þannig sjálfur niður eigin eftirmæli.

FJÖLDA hægrimanna finnst loks kominn tími til að hvíla flokkinn eftir þrasetu í stjórnarráðinu og sumir geta ekki hugsað sér að kjósa villta vinstrið, fyrir því er ekki hefð á öllum heimilum. Kostirnir eru því fáir. Sitja heima eða skila auðu. Þrátt fyrir fréttir um að í þetta sinnið verði auðir seðlar taldir sérstaklega er fyrirséð að þeir verði afgreiddir í umræðunni á tíu mínútum eftir kosningar. Skili þannig ekki öðru en þínu lítili útrás á uppsafnaðri gremju gegn þeim sem komu þjóðinni á kaldan klaka.

ÞÓ að stutt sé til kjördags vil ég því læða hér að hugmynd til styrktar lýðræðinu: Í fyrsta lagi verði prentaður á kjörseðla sérstakur reitur fyrir þá sem ekki kæra sig um að ljá atkvæði sitt neinu framboði. Fólk geti sem sagt sett X við „ekkert af framantöldu“ eins og í hverri annarri könnun. Þar með væri tryggilega staðfest að kjóandinn hefði nýtt atkvæðisrétt sinn en ekki bara gleymt af klaufaskap að hreyfa skriffærin.

Í öðru lagi yrðu þau atkvæði sem höfnuðu öllum framboðum talin af sömu virðingu og önnur. Lágmarksfjöldi auðra seðla gæti því skilað auðu þingsæti. Sem teldist þá hvorki með meirihluta þingsheims né minnihluta, heldur væri einfaldlega auður stóll í þinginu. Meirihluta allra 63 þingsætanna þyrfti eftir sem áður til að ná samþykki, en hinn auði stóll sæti ævinlega hjá og væri þannig virkt aðhald í öllum málum allt kjörtímabilið. Þingfararkaupið rynnir til líknarmála.



» Heimsborg

Komdu með til Køben!

Það er tilvalið að heimsækja Amager Strandpark. Bara 7 mínútur með Metro úr miðbæ Kaupmannahafnar!

Tívoliferð til Køben

11.-15. júní
Verð á mann, miðað við tvo fullorðna og eitt barn (2-11 ára):

79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og hótulgisting á First Hotel Vesterbro með morgunverði.



Vor í Kaupmannahöfn

15.-17. maí
Verð á mann í tvíbýli:

59.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og hótulgisting á 4* The Square með morgunverði.

Nánar á www.expressferdir.is og í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa Lyfjunnar

Kæra Kaupmannahöfn

Kaupmannahöfn er dásamleg og óþrjótandi uppspretta matar, menningar og almennra vingjarnlegheita. Hún heitir Kaupmannahöfn, en þú mátt alveg kalla hana Køben.

Bókaðu ferð til Kaupmannahafnar fyrir þig og þína á www.icelandexpress.is

Iceland Express með ánægju

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 20. apríl, 110. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 5.38	13.27	21.17
Akureyri 5.14	13.11	21.11

Heimild: Almanak Háskólans